

Skóflustunga tekin að nýju hverfi í landi Jórvíkur á Selfossi



Föstudaginn 12. mars sl. var tekin fyrsta skóflustungan að nýju hverfi í landi Jórvíkur sem er staðsett sunnan núverandi byggðar og til austurs af svo kölluðu Bjarkarstykki á Selfossi. Fyrrum eigendur landsins, þau Rúnar Gestsson og Sigrún Erla Sigurðardóttir sáu um að taka skóflustunguna fyrir hönd framkvæmdaraðila. Akurhólar ehf. keyptu Jórvík land 1 árið 2017 og hafa unnið að því að skipuleggja svæðið í samráði við bæjaryfirvöld frá þeim tíma.

Hermann Ólafsson hjá Landhönnun ehf. sá um hönnun á

deiliskipulaginu fyrir hönd landeiganda en Verkfræðistofan HNIT ehf. var með yfirumsjón á lagna- og gatnahönnun. Akurhólar ehf. eiga 43,9 ha. lands á svæðinu. Það sem nú er tekið í notkun eru 14,9 ha. Á svæðinu er gert ráð fyrir allt að 350 íbúðum í blandaðri byggð, fjölbýlis-, rað/par- og einbýlishús. Þessi fyrsti áfangi rúmar því um 8-900 nýja íbúa.

„Hverfið hefur verið hannað í samráði við Sveitarfélagið Árborg frá upphafi með tilliti til tenginga innan hverfisins og kemur hverfið til með að renna

saman og mynda skemmtilega heild við lönd sveitarfélagsins sem það er að skipuleggja í landi Bjarkar.

Ljóst er að þessi viðbót mun styðja við þann mikla áhuga sem er á Selfossi um þessar mundir og verður til þess að styrkja Sveitarfélagið Árborg til lengri tíma lítið enda hefur sú myndarlega uppbygging sem átt hefur sér stað í sveitarfélaginu síðustu misseri vakið verðskuldaða athygli og hefur haft jákvæð áhrif á sveitarfélagið í heild,“ segir í tilkynningu frá Akurhólum ehf.

Akurhólar ehf. er framkvæmdaraðili á svæðinu en félagið hefur samið við Borgarverk ehf. um framkvæmd verksins. Verkinu er skipt upp í tvo áfanga. Gert er ráð fyrir að fyrsta áfanga gatnagerðar verði lokið í október á þessu ári og seinni áfanga svo í maí 2022. Vonast er til að byggingaframkvæmdir í hverfinu geti hafist í lok júní í sumar, en forsvarsmenn Akurhóla ehf. vonast til að hverfið verði full byggt á næstu 3-4 árum.



Vinna við stjórnunar- og verndaráætlun Geysissvæðisins hafin



Strokkur á fallegum degi.

Hafin er vinna við stjórnunar- og verndaráætlun Geysissvæðisins. Svæðið var friðlýst 17. júní á síðasta ári sem náttúruvætti og er þessi vinna beint framhald af friðlýsingunni. Umhverfisstofnun og Bláskógabyggð vinna saman að gerð stjórnunar- og verndaráætlunarinnar, fulltrúar UST í vinnuhópnum eru þau Þórdís Björt Sigþórsdóttir og Valdimar Kristjánsson og fulltrúar Bláskógabyggðar eru þau

Helgi Kjartansson og Agnes Geirdal. Búið er að vinna tíma- og verkáætlun þar sem einstaka verkþættir eru tilgreindir en gert er ráð fyrir að stjórnunar- og verndaráætlunin taki gildi í september. Stjórnunar- og verndaráætlunin verður auglýst og kynnt almenningi og um-sagnaraðilum.

„Ég fagna því að þessi vinna sé farin af stað, það er ábyrgð að friðlýsa og með friðlýsingu verða fjármunir að fylgja með. Geysissvæðið er einn stærsti ferðamannastaður landsins og mikil náttúruperla, því er mikilvægt að vernda svæðið, byggja það upp svo það geti tekið við öllum þeim ferðamönnum sem koma að Geysi og um leið að huga að verndargildi þess til komandi kynslóða,“ segir Helgi Kjartansson í samtali við Dagskrána.

Dumbungur yfir Ingólfsfjalli



Ingólfsfjallið var sannarlega í vetrar ham þann 10. mars sl. Skýjadumbungur og snjófjúk sveipaði fjallið illúðlegum blæ. Frekar hvasst var undir fjallinu þennan dag og fundu margir fyrir því þegar vindurinn reif hressilega í bílinn þegar hviðurnar gengu niður af fjallinu. Myndasmíðurinn heitir Engilbert Vignisson sem gaf blaðinu góðfúslegt leyfi til birtingar.

Fáðu fagmann í verkið



PÍPULAGNIR HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



FRAMÚRSKARANDI ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is

ÍSLÆNSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

Ás dvalar- og hjúkrunarheimili í Hveragerði óskar eftir sjúkraþjálfara til starfa. Íslenskt starfsleyfi sem sjúkraþjálfari og góð íslenskukunnátta eru skilyrði.

Vinsamlegast sendið umsóknir á mannaudur@grund.is.

36 DAGAR til SUMARS



STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

Sumarið 2021

Til félagsmanna Stjórnendafélags Suðurlands sem hafa hug á að leigja orlofshús félagsins sumarið 2021.

Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins www.stjornandi.is. Valmöguleikar eru Svignaskarð hús 32, Brekkuheiði 15 Bláskógabyggð og Langahlíð 2 á Akureyri. Umsóknarfrestur er til 28. mars nk.

Orlofsnefnd
Stjórnendafélags Suðurlands

Ein glæsilegasta mathöll landsins í Mjólkurbúinu

Endurbýgt Mjólkurbú Flóamanna sem nú er risið í nýja miðbænum verður sannkallað matarmenningarhús. Þar verður mathöll með átta nýjum veitingastöðum, tveir barir og sýning um skyr í kjallara. Óhætt er að segja að ásýndarmyndir gefi góð fyrirheit en Vignir Guðjónsson, framkvæmdastjóri Sigtúns þróunarfélags, segir að um afar metnaðarfullt verkefni sé að ræða.

„Mjólkurbúíð er afar glæsilegt hús og höfum við frá fyrsta degi lagt áherslu á að það yrði samkomustaður fyrir heimamenn jafnt sem gesti. Í Mjólkurbúinu getur öll fjölskyldan komið saman og ég fullyrði að allir muni geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þarna verða neapolítan pizzur, hamborgarar, taco, pasta og fleira. Sjö af átta veitingabásunum hefur þegar verið ráðstafað og nöfnin á þessum stöðum verða gerð kunnug mjög fljótlega. Þetta eru bæði ný vörumerki og önnur sem fólk kannast vel við,“ segir Vignir. „Síðasta lausa bilið er það stærsta í húsinu og á besta stað. Ef einhverjir heimamenn með reynslu af veitingarekstri vilja láta ljós sitt skína skorum við á viðkomandi að hafa samband.

Upplifun að koma inn í húsið

Hálfðán Pedersen sér um innanhússhönnun, en hann hefur meðal annars séð um útlit þekktra staða á borð við Sumac, Snaps, Þjóðleikhúsið, Kex, Kjarvalsstofu og fleira.

„Stúllinn byggir á sögunni og hver hæð og hvert rými í húsinu hefur sinn karakter. Á jarðhæð verður til dæmis ákveðinn hráleiki í hávegum hafður, útlit sem á dregur dóm af gömlum verksmiðjum og flísar eru áberandi. Uppi í risi er svo meiri hlýja og nánd, sem hæfir vel þeim vín- og píanóbar sem þar verður, með útsýni að Ingólfsfjalli öðru megin og yfir Brúartorgið nýja hinum



megin. Algjörlega magnaður staður,“ segir Vignir.

Mjólkurbúíð er engin smásmíði. Það telur um 1.500 fermetra og hefur sæti fyrir 300 manns auk útsvæðis á Brúartorginu nýja. Húsið mun opnast fyrir gestum og gangandi í júní og er Vignir bjartsýnn á komandi tíma. „Að sjálfsögðu vonumst við til að fá góðar viðtökur hjá heimamönnum og hér

er svo stöðugur straumur sumar-bústaðafólks og höfuðborgarbúa að sækja sér upplýtingu. Það stýttist í erlendu ferðamennina og við sjáum mikil tækifæri á þeim vettvangi. Selfoss er í miðju helsta ferðamannasvæðis landsins og skemmtileg matarupplifun verður sífellt stærri hluti ferðamennsku.“

Hægt er að sjá fleiri myndir á www.mathollselfoss.is.

Skyrland opnar eftir tveggja ára undirbúning og auglýsir eftir rekstrarstjóra

Í kjallara Mjólkurbúsins verður að finna sýningu sem fengið hefur nafnið Skyrland. Um er að ræða samstarfsverkefni Mjólkursamsölnunar og Sigtúns þróunarfélags sem hefur verið í undirbúningi í tvö ár og er stefnt að opnun hennar í júní nk. „Þetta er sýning sem fjallar um skyr, þennan hálfgerða þjóðarrétt Íslendinga, sem nú er í mikill útrás um allan heim. En þó að skyríð sé í forgrunni þá er þetta líka sýning um matarmenningu og -hefðir Íslendinga og við höfum mikla sannfæringu fyrir því að þessi sýning muni njóta vinsælda á meðal erlendra ferðamanna,“ segir Vignir.

Stór hluti upplifunarinnar snýst um að gefa gestum sýningarinnar tækifæri á að smakka skyr. „Samhliða sýningunni verður starfræktur veitingastaður sem býður upp á skyr, skálar, boozt og þess háttar vörur og mun um leið sjá gestum sýningarinnar fyrir veitingum og smakki.“



Skyrland auglýsir nú eftir rekstrarstjóra og segir Vignir að sú eða sá sem ráðinn verður muni taka virkan þátt í áframhaldandi þróun rekstursins. „Viðkomandi mun móta vöru- og þjónustuframboðið með eigendum og hafa heilmikil áhrif hvernig vörumerkið þróast. Við leggjum mikla áherslu á að um sé að ræða heimamann sem búsettur er á Selfossi eða nærsveitum.“



Skalli

Sá svalasti í bænum

**Stór pizza með
premur áleggstegundum
á aðeins 1.449 kr.
alla daga í mars**

www.skalli.is - facebook.com/skalliselfossi - Sími 483 1111

Ljósmyndaklúbburinn Blik lagði land undir (þrí)fót



Ljósmyndaklúbburinn Blik á Selfossi, sem telur um 160 meðlimi, var stofnaður á vordögum árið 2008 og hefur starfað óslitið síðan og haldið fjölda sýninga á Suðurlandi og á höfuðborgarsvæðinu, oftast þó í Hótel Selfossi í tengslum við lista- og menningarhátíðina Vor í Árborg. Fundir eru haldnir hálfsmánaðarlega yfir vetrartímann; annan hvern miðvikudag, en covid hefur sett strik í reikninginn og fundahöld legið niðri í vetur. En nú er veiran á undanhaldi og brugðu sextán félagar undir sig betri fætinum laugar daginn 6. mars sl.

Leiðin lá austur í Vík í Mýrdal þar sem tveir tröllauknir fjallabílar frá Southcoast Adventure biðu okkar og fóru með okkur að Kötlujökli til að skoða íshelli sem þar hefur myndast undanfarin ár. Allir fengu brodda og hjálma og veðrið lék við hvurn sinn fingur. Íshellirinn er í jaðri gígs eins öfl-

ugasta eldfjalls landsins, Kötlu. Hellirinn breytist á hverjum degi en er alltaf mögnuð sýn. Leiðsögumennirnir útskýrðu fyrir okkur hvernig svona hellar myndast og fleira um svæðið. Katla, sem gaus síðast árið 1918 lét ekki á sér kræla enda sá í neðra upptekinn þessa dagana við Keili á Reykjanesi.

Eftir mikið labb og linnulausa myndavélaskothríð fórum við á Hótel Vík í Mýrdal og snæddum kvöldverð og skoðuðum myndir hvert hjá öðru og heimamaðurinn Þórir N. Kjartansson setti upp myndasýningu og fræddi okkur um Kötlu og hennar óskunda í gegnum tíðina áður en gengið var til náða. Þórir er hafsjór af fróðleik um Kötlu og Vík og svæðið þar í kring og þekktur fyrir sínar fallegu ljósmyndir.

Eftir árbít morguninn eftir lá leiðin upp á Reynisfjall í fylgd Þóris sem sagði okkur frá því sem fyrir augu bar. Þar er ægi-

fagurt yfir að líta; útsýni yfir Vík, Dyrhólaey og Reynisdranga frá öðru sjónarhorni.

Þegar niður var komið renndum við að Hjörleifshöfða og heilsuðum upp á Yoda í hellinum sem þar er. Erlendu ferðamennirnir kalla hellinn „Yoda Cave“ því hellismunninn minnir á samnefnda persónu úr Star Wars. Svo héldum við heim á leið með minniskortin full af minningum og stórkostlegum myndum. Frábær ferð í alla staði.

Við hvetjum sem flesta til að hafa samband við klúbbinn og vera með í frábærum félagsskap. Allir velkomnir. Við stefnum á að halda sýningu í Hótel Selfossi á Vori í Árborg í apríl. Hægt er að hafa samband við Sólveigu Stolzenwald í síma 863 7273 og fá frekari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um aðild á www.blik.is.

-km/h



Matgæðingur vikunnar er **Hulda Ósk Guðmundsdóttir.**

Ég þakka Stjána fyrir áskorunina. Ég set hér uppskrift af sesamkjúklingalundum sem eru í uppáhaldi á mínu heimili.

Grillaðar kjúlingalundir í sesamsósu

800 gr. - 1 kg
kjúklingalundur
4 msk. olía
Salt og pipar
Hvítlauskrydd

Penslið lundirnar með olíu og kryddið með salti, pipar og hvítlauk.

Sesamsósa

1 dl sojasósa
1 dl teriakisósa
2 msk. hunang

1 dl sesamfræ
(ég á það til að setja aðeins meira)

1 til 2 tsk. chili-mauk frá Blue dragon
2 tsk. hvítlauskrydd frá Blue dragon.

Setjið allt í skál og blandið vel saman. Grillið lundirnar og penslið með sesamsósunni. Með þessu geri ég sinnepsósu sem er snilld með öllum kjúklingi.

Sinnepsósa

3 msk. mæjónes
3 msk. sýróp
3 msk. sætt sinnep frá Bähnccke

Borið fram með salati, hrísgrjónum og frönskum.

Ég ætla að skora á vinkonu mína og samstarfsmann **Katrínu Vilhjálmssdóttur.**

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Gátan góða – lausnarorðið vantaði

Í tölublaði 2587 var gáta vikunnar þannig:

Oftast ég í vörpu veiði.
Velkominn mig fáir bjóða.
Kollana ég klippi og greiði,
kallast hluti túna og lóða.

Í tölublaði 2588 átti að birtast lausnarorð gátunnar eins og vera ber en vegna tæknilegra mistaka varð misbrestur á því. En hér er gerum við bragarbót og birtum svarið.

Svar við gátu í blaði 2587: **Ari**

1. lína: Tog-ari
2. lína: Rukk-ari
3. lína: Rak-ari
4. lína: Hekt-ari



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyraveggi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyraveggi 25, Selfossi, fyrir hádegis á mánuðögum. Upplag: 8700 eintök.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísingátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókauktgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Ég er sá, sem einn veit allt og öllu ræður.
Í Eden var ég einu sinni.
Ég átti þig með konu minni.

Svar við gátu í blaði 2588: **HESTUR.**
1. lína: Kimmhestur - 2. lína: Kappreiðahestur
3. lína: Hjólhestur - 4. lína: Háhestur

Heilsustofnun er ein stærsta endurhæfingarstofnun landsins og veitir árlega 1350 einstaklingum endurhæfingarþjónustu skv. samningi við Sjúkratryggingar Íslands. Á Heilsustofnun fer fram einstaklingsmiðuð lækisfræðileg endurhæfing sem stjórnad er af þverfaglegum teyimum. Áhersla er á að efla líkamlega, andlega og félagslega færni einstaklinga, auka lífsgæði og styrkja þá til athafna daglegs lífs. Helstu meðferðarvið eru verkjameðferð, meðferð vegna streitu og kulnunar, offitumeðferð, geðendurhæfing, hjartaendurhæfing, öldrunarendurhæfing og endurhæfing eftir alvarleg veikindi, aðgerðir eða slys.



LAUS STÖRF HJÁ HEILSUSTOFNUN Í HVERAGERÐI

Læknir

Óskum eftir að ráða endurhæfingarlækni eða annan sérfræðilækni sem hentar starfseminni vel svo sem heimilislækni, lyflækni, öldrunarlækni eða geðlækni.

Starfslýsing: Viðtal og skoðun nýrra sjúklinga og gerð meðferðaráætlunar, þverfagleg teymisvinna, tilfallandi lækisstörf og bakvaktir. Um framtíðarstarf er að ræða en sumaraleysing kemur einnig til greina.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Reynsla og áhugi á rannsóknarvinnu er kostur.

Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl.

Möguleiki er á húsnæði á staðnum. Einnig ekur starfsmannarúta til og frá Olís við Rauðavatn í Reykjavík.

Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannastjóra á aldis@heilsustofnun.is. Nánari upplýsingar um störfín er að finna á: heilsustofnun.is/heilsustofnun/storf-i-bodi

Sálfræðingur

Sálfræðingur óskast til starfa. Um framtíðarstarf er að ræða en sumaraleysing kemur einnig til greina. Starfið er fjölbreytt og felst í viðtölum við dvalargesti, að veita almenna fræðslu og leiða meðferðarhópa, auk þátttöku í þverfaglegum teyimum.

Á síðustu árum hefur áhersla verið lögð á hvernig núvítund og samkennd nýtist í meðferðarstarfi.

Starfshlutfall er eftir samkomulagi.

Sjúkraþjálfari

Sjúkraþjálfari óskast til starfa í sumar. Starfið er fjölbreytt, auk hefðbundinnar sjúkraþjálfunar felur það í sér kennslu í hóptímum, fræðslu, útgöngur og þátttöku í þverfaglegu teymisstarfi.

Starfshlutfall er 100%

Íþróttakennari

Íþróttakennari óskast til starfa í sumar. Starfið er fjölbreytt, einstaklingsþjálfun og kennsla í hóptímum, s.s. vatnsleikfimi og leikfimi, fræðsla, göngur og þátttaka í þverfaglegu teymisstarfi.

Starfshlutfall er 50-80%

Hæfniskröfur:

- Íslenskt starfsleyfi og góð íslenskukunnátta
- Faglegur metnaður og ábyrgð í starfi
- Reynsla af þverfaglegu meðferðarstarfi er kostur
- Lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar veita:

G. Birna Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri lækninga – birna@heilsustofnun.is
Steina Ólafsdóttir deildarstjóri sjúkraþjálfunar – steina@heilsustofnun.is
Aldís Eyjólfsdóttir starfsmannastjóri – aldis@heilsustofnun.is s. 4830300



Berum ábyrgð á eigin heilsu

www.heilsustofnun.is

BYKO Selfoss

Er um við að leita að þér?

Sölumaður í timbursölu

Okkur langar að fá til liðs við okkur hressa og skemmtilega einstaklinga sem hafa óbilandi áhuga á þjónustu og verslun. Starfið er fjölbreytilegt og skemmtilegt þar sem tækifæri gefst til að vinna með okkar frábæra starfsfólki.

Starfið felur í sér sölu og tilboðsgerð, að aðstoða verktaka og einstaklinga í framkvæmdum við hráefnaval og koma með góðar lausnir fyrir okkar viðskiptavinum.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð kunnátta um flest er varðar byggingarefni og meðhöndlun þess
- Metnaður og drikraftur
- Stundvísi, jákvæðni og heiðarleiki
- Menntun í trésmíði eða einhverju sambærilegu er kostur

Sölumaður í Hólf og gólf

Okkur langar að fá til liðs við okkur hressan og skemmtilegan einstakling sem hefur óbilandi áhuga á þjónustu og verslun. Starfið er fjölbreytilegt og skemmtilegt þar sem þér gefst tækifæri á að vinna með okkar frábæra starfsfólki.

Starfið felur í sér sölu, ráðgjöf, tilboðsgerð og afgreiðslu í Hólf og gólf deild okkar á Selfossi og mun starfsmaðurinn fá að eiga í miklum samskiptum við okkar viðskiptavinum, bæði einstaklinga og fyrirtæki.

Hæfniskröfur

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku máli
- Þekking á lagnaefnum er kostur
- Góð kunnátta um flest er varða gólfefni er kostur
- Reynsla af innanhússhönnun eða -ráðgjöf er kostur
- Metnaður, stundvís, jákvæðni og heiðarleiki

Ef þú ert framsækinn og býrð yfir mikilli fagmennsku og taumlausri gleði þá erum við að leita að þér. Við hvetjum alla áhugasama til að sækja um, óháð kyni.

Allar upplýsingar veitir verzlunarstjóri BYKO Selfossi **Gunnar Bjarki Rúnarsson** gunnarbr@byko.is. Sótt er um á www.byko.is

Umsóknarfrestur er til 23. mars 2021



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búsíðnaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Ég samdi ljóð á yngri árum sem voru órímuð og kölluðust atómljóð

-segir lestrarhesturinn Gúndi Sig

Gúndi Sig eða Guðmundur Sigurðsson er fæddur á Selfossi árið 1950. Foreldrar hans eru Sigurður Guðmundsson og Ágústa Sigurðardóttir. Gúndi var lengst af framkvæmdastjóri hjá SG - húsum á Selfossi. Hann hefur brallað ýmislegt um ævina sem of langt mál yrði að telja upp.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Ég er nánast alæta á bækur. Núna eru á náttborðinu mínu nokkrar bækur sem ég keypti í Nyttjamaðnum hér á Selfossi. Ég kaupi sirka tíu stykki í einu. Svo skila ég þeim aftur eftir lestur og kaupi nýjar. Þetta er ég búinn að gera í nokkur ár. Ég fékk of margar sektir hjá bókasafninu. Síðast keypti ég *Simon og Eikumar* eftir Marianne Fredriksen, *Steinsmiðinn* eftir Camilla Läckberg. *Það sem ég sá og hvernig ég laug* eftir Judy Blundell. *Dávaldinn* eftir Kepler og *Tvíburana* eftir Tessa de Loo. Allt finnar bækur sem héldu mér við efnið. Fékk um daginn lánaða bók frá Grími Arnarsyni vini mínum sem heitir *Dýrlegt sjálfsmorð* eftir Arto Paasilinna. Hann er að sjálfsgöðu finnskur og lesturinn var frábær skemmtun. Núna var ég að ljúka við bók eftir Selfoskonuna Helgu R. Einarsdóttur sem hún nefnir *Með björtum augum*. Hún fannst mér bara góð.

Höfða einhverjar bækur meira til þín en aðrar?

Ef bækur ná tökum á mér er ekkert sem stoppar lesturinn. Ég sofna ekki og þegar það loks gerist vakna ég fyrir allar aldir og byrja aftur. Síðast var ég til dæmis að lesa ævisögu Ellerts Schram sem ég fékk í jólagjöf. Honum kynntist ég lítillga en þá var hann ekki orðinn kratí. Hann var formaður Sambands ungra Sjálfstæðismanna en ég formaður ungra Sjálfstæðismanna í Árneshlí. Þá voru Bretar að djöflast í landhelginni og keyra á varðskipin. Ég lét stjórnina hjá Ungum hér heima samþykkja að ef Bretar hættu þessu ekki skyldum við ganga úr NATO. Þetta líkaði Ellerti ekki og hringdi í mig og fór fram á afturköllun samþykktarinnar sem ég

neitaði. Ingólfur Jónsson ráðherra blandaðist í málið og kom í heimsókn í Gamla bankann þar sem við Þóra bjuggum og fór fram á það sama og Ellert. Ég hélt áfram að neita. Guðmundur Daníelsson sem þá var ritstjóri blaðsins Suðurland var sama sinnis og við Ungir og skrifaði grein sem birtist á forsíðu blaðsins með fyrirsögninni *Guðinn NATO*. Það blað gerði Ingólfur upptækt og lét brenna. Hebbi heitinn Gränz átti eintak sem ég fékk að sjá en á því miður ekki. Það er miklu lengri saga til um þetta allt saman en hún bíður betri tíma. En svo ég haldi áfram að svara spurningunni hef ég líka gaman af ljóðalestri. Mest les ég ljóð eftir gömlu höfundana ef svo mætti segja Davíð Stefánsson, Einar Benediktsson, Stein Steinar, Jón Helgason og Ólaf Jóhann Sigurðsson svo ég nefni nokkra. Ég lá á Landspítalanum eitt sumar, unglíngur á fimmtánda ári og með mér á stofu var Valdimar frá Kílhrauni sem var pabbi Árna Valdimarssonar og þá um leið af Önnu Árnadóttur sem seinna varð eiginkona mín. Þetta sumar lét Valdimar mig læra mörg ljóð utan að. Ég man sérstaklega eftir að hafa lært öll erindi kvæðisins *Áfanga* eftir Jón Helgason og reyndar miklu fleiri ljóð.

Einar Benediktsson, Stein Steinar, Jón Helgason og Ólaf Jóhann Sigurðsson svo ég nefni nokkra. Ég lá á Landspítalanum eitt sumar, unglíngur á fimmtánda ári og með mér á stofu var Valdimar frá Kílhrauni sem var pabbi Árna Valdimarssonar og þá um leið af Önnu Árnadóttur sem seinna varð eiginkona mín. Þetta sumar lét Valdimar mig læra mörg ljóð utan að. Ég man sérstaklega eftir að hafa lært öll erindi kvæðisins *Áfanga* eftir Jón Helgason og reyndar miklu fleiri ljóð.

Byrjaðir þú snemma að lesa?

Ég las mikið sem barn. Aðallega voru það *Ævintýrabækurnar* eftir Enid Blyton og *Fimm-bækurnar*. *Gulleyjan* var mín uppáhaldsbók. Ég fékk hana í jólagjöf en Ingva bróður langaði mjög í hana en fékk ekki og til að hefna sín skeit hann á blaðsíðu 13 og lokaði svo bókinni. Á sama tíma var ég niðri að borða ístertuna sem mamma bjó alltaf til um jólin úr eggjarauðum. Engar hvítur notaðar hjá henni. Þegar ég uppgötvaði hvað Ingvi hafði gert brjálaðist ég gjörsamlega þegar ég byrjaði að lesa og fann lyktina, grenjaði af öllum kröftum þangað til mamma kom og þreif blaðsíðurnar og hellti ilmvatni yfir. Ég man ennþá lyktina sem Ingvi bróðir bjó til.



Guðmundur Sigurðsson.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?

Ég sofna ekki öðruvísi en að lesa og vakna ekki heldur. Les reyndar ekki nema svona þrjátíu eða fjórutíu mínútur í einu nema eitthvað verulega spennandi sé á boðstólum.

Hefur bók rænt þig svefni?

Margar, mjög margar bækur hafa rænt mig svefni. Ég á þó nokkrar sem ég hef alltaf á náttborðinu sem ég þekki vel og gríp til ef á þarf að halda. *Góði dátinn Sveijk* eftir Jaroslav Hajek og *Gerpla* eftir Halldór Laxness eru þar í uppáhaldi og ég les reglulega. Ég get gripið í *Dátann* hvar sem er og hvenær sem er en *Gerpla* þarf ég að lesa árlega frá upphafi til enda. Svo eru alltaf nálægar tvær bækur eftir son minn Sigga Fannar, *Trúður* og *Borg óttans*. Þær minna mig á hvernig ekki eigi að ala upp börn. Móðurinni tókst betur upp en mér. Hún reyndi að minnsta kosti.

En að lokum Gúndi, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég er á því að ég væri mjög gott skáld og jafnvel frábær ævisöguritari. Hef það frá syni mínum. Ég myndi hins vegar líklega semja ljóðabækur ef það dytti í mig að verða skáld. Ég samdi nefnilega nokkur ljóð á mínum yngri árum sem flest voru órímuð og kölluðust atómljóð.

Lestrarhesturinn er samstarfsverkefni Bókabæjanna austanfjalls og Dagskrárinnar. Markmiðið er að búa til áhugavert lesefni fyrir almenning og vettvang um bóklestur og bókmenningu. Ritstjóri er Jón Ózúr Snorrason og þetti honum vænt um að fá tölvupóst frá þeim sem hafa áhuga á að vera lestrarhestar í gegnum netfangið jonozur@gmail.com.



Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

KAFFI KIÐ ÓSKAR EFTIR SUMARSTARFSMÖNNUM

Þroskaða reynslubolta vantar í þjónustustörf í Golfskálanum Kiðjbergi í sumar.

Ef þú kannt að elda, þrifa, þjóna og brosa, þá endilega hafðu samband við Rakel.

Tek á mótí umsóknum í rakelmatt@gkb.is.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hörður Vestmann Arnason



lést mánudaginn 8. mars á Hjúkrunarheimilinu Ljósheimum, Selfossi. Útförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn, 23. mars kl. 14:00. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir. Útförinni verður einnig streymt á vef Selfosskirkju.

Jóhanna Kristinsdóttir
Kristinn Harðarson Sólborg Erla Ingadóttir
Hallgrímur Harðarson
Lóa Hrönn Harðardóttir Gísli Pálmason
Pétur Harðarson
börn, barnabörn og langafabörn

Sunnlendingar lesa Dagskrána!

Sími 4821944 eða
auglysingar@dfs.is





Verzlun í dreifbýli

Þegar fólk velur sér búsetu skiptir miklu máli hvaða þjónusta er á staðnum. Í raun er það oft ákvörðunarástæða fyrir því hvar fólk ákveður að setjast að, en atvinnumöguleikar spila eðlilega stærsta þáttinn. Margvísleg þjónusta, sem fólk á höfuðborgarsvæðinu finnst sjálfsgöð eins og dagvöruverzlun, heilsugæsla, grunn- og leikskóli, sundlaug, íþróttastæði og lyfjaverslun er í huga margra sú aðstaða og þjónusta sem á að vera í næsta nágrenni við heimili.

Banki, vínbúð, verslun og pósthús

Vandi minni byggðarlaga er stundum einmitt þessi að tryggja opinbera þjónustu á svæðinu og laða að annan rekstur sem erfitt er að vera án. Í smáum samfélögum getur þessi barátta hreinlega snúist um að viðhalda byggðinni. Á undanföllum árum hefur ýmis þjónusta á minni stöðum úti á landi dregist saman og útibúum hrífækkað og má þar nefna bankaútibú, pósthús, apótek og sýslumannsembætti.

Engin dagvöruverzlun á Kirkjubæjarklaustri

Þegar eina dagvöruverzlunin í víðfeðmu sveitarfélagi lokar, kemur það hart niður á íbúnum. Þetta gerðist á Kirkjubæjarklaustri um síðustu áramót. Íbúar í þorpinu þurfa nú að aka um langan veg til að komast í næstu dagvöruverzlun. Hætt er við að lokunin hafi neikvæð áhrif á byggðapróun á svæðinu. Tilraunir með dagvöru í sjálfsafgreiðslu eru góðra gjalda verðar en koma ekki í stað verslunar. Að fá vörur afhentar úr netverslun tvisvar í viku telja heimamenn aldrei koma í stað verslunar á staðnum. Þjónustuskerðingin fyrir íbúa

Karl Gauti Hjaltason

Þingmaður
Miðflokksins í
Suðurkjördæmi.



Skaftrárhrepps er mikil og eins og málin standa nú er engin lausn í sjónmáli. Í venjulegu árferði er mikill straumur ferðamanna um svæðið, ekki síst á sumrin og ætti staðsetning fyrir verslun á Kirkjubæjarklaustri að vera álitlegur kostur.

Verulegur verðmunur

Rekstraraðilar lítilla dagvöruverslana fá langt í frá sömu kjör hjá birgjum og matvörukeðjurnar og oft borgar sig fyrir þá hreinlega að trilla innkaupakerrunni í verslunum sjálfum til innkaupa. Samkvæmt skýrslu Emils Bjarna Karlssonar, sem tók út vanda dreifbýlisverslana, er allt að helming munur á verði í verslunum. Þær eigi ekki kost á hagkvæmum innkaupum vegna smæðar sinnar. Þá sé flutningskostnaður háur og rekstraráhætta mikil. Verslanirnar gera oft innkaup í lágvöruverslunum, þrátt fyrir að varan hafi þá farið í gegnum frameiðanda, heildsala, flutningsaðila og álagningu í lágvöruversluninni, en er samt ódýrari.

Veigamikil hlutverk

Verslanir í dreifbýlinu gegna veigamiklu hlutverki í að viðhalda byggð á svæðunum. Vandinn felst einkum í því að erfitt er að halda vöruverði niðri. Leita þarf allra leiða til að styðja við þessa þjónustu og ein leið til þess gæti verið að samnýta þjónustu sem veitt er af ríkinu við verslunarrekstur og skjóta þannig fleiri stöðum undir reksturinn.

6. bekkur Vallaskóla skreppur í fjöruferð



Nemendur 6. bekkjar Vallaskóla á Selfossi brugðu sér í vettvangsferð á dögnum. Tilgangurinn var að gera sér dagamun, anda að sér fersku sjávarlofti, njóta samveru og upplifa. Fjaran var að sjálfsögðu könnuð vel og vandlega, háfar voru með í för til að finna lífverur og steinum var velt við til að sjá hvað leyndist þar undir. Nemendum var skipt í hópa og vann hver hópur listaverk með efnivið fjörunnar. Þá var leitað að rusli og vakti það ánægjulega athygli að nánast ekkert rusl fannst.

Aðalfundur VR

Aðalfundur VR verður haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021 kl. 19.30 á Hilton Reykjavík Nordica.

Fundurinn fer fram bæði sem staðfundur og fjarfundur í senn. Félagsmenn sem ætla að sækja fundinn verða að skrá sig fyrirfram annað hvort á stað- eða fjarfund á vef VR, fyrir kl. 12.00 á fundardegi. Á staðfundi verður grímuskylda viðhöfð og sóttvörnum fylgt í hvítvetna.

Vegna fyrirkomulags fundarins verða allar kosningar rafrænar og fundargögn sömuleiðis.

Mikilvægt er að öll sem mæta á fundinn hafi meðferðis viðeigandi búnað (tölvu eða snjalltæki) til þess að geta tekið þátt í kosningum.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á vr.is/adalfundur.

VR | Kringlunni 7 | 103 Reykjavík | Sími 510 1700 | vr@vr.is | vr.is

VR

Rekstur upplýsingamiðstöðvar á Selfossi



Sveitarfélagið
ÁRBORG



Sveitarfélagið Árborg auglýsir eftir samstarfsaðila um rekstur upplýsingamiðstöðvar á miðbæjarsvæði Selfoss.

Leitað er eftir aðila sem getur rekið upplýsingamiðstöðina í eigin húsnæði t.d. með öðrum rekstri og hefur þekkingu og áhuga á að veita faglega ráðgjöf og upplýsingar til ferðamanna. Rekstraraðili annast daglegan rekstur upplýsingamiðstöðvar á Selfossi sem þjónustar Sveitarfélagið Árborg og Flóahrepp. Rýmið þarf að geta tekið við 2-3 hreyfanlegum bæklingastöndum, veggfestum upplýsingaskjá og afgreiðslu.

Við val á rekstraraðila er horft til staðsetningar, aðgengis, reynslu, opnunartíma og hvaða rekstur gæti verið samhlíða í húsnæðinu.

Umsóknum skal skilað í tölvupósti á bragi@arborg.is eða til þjónustuvers Árborgar að Austurvegi 2, Selfossi fyrir 19. mars nk. merkt „Rekstur upplýsingamiðstöðvar á Selfossi“.

Nánari upplýsingar veitir Bragi Bjarnason, deildarstjóri frístunda- og menningardeildar í síma 480 1900 eða í tölvupósti: bragi@arborg.is



Höfum við verið að standa okkur?

Kynbundið ofbeldi og ofbeldi í nánnum samböndum spyr ekki um stað né stund og Suðurland er þar engin undantekning. Heimilisofbeldi er meðal annars skilgreint í almennum hegningarlögum með eftirfarandi hætti: „Hver sem endurtekið eða á alvarlegan hátt ógnar lífi, heilsu eða velferð núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, niðja síns eða niðja núverandi eða fyrrverandi maka síns eða sambúðaraðila, áa síns, eða annarra sem búa með honum á heimili eða eru í hans umsjá, með ofbeldi, hótunum, frelsissviptingu, nauðung eða á annan hátt, [...]“

Mikil vitundarvakning hefur orðið undanfarin ár á þeirri ógn sem heimilisofbeldi er fyrir þá sem því sæta. Árið 2016 má segja að hafi markað ákveðna stefnubreytingu í málaflokknum með breytingu á íslenskum hegningarlögum og fyrrgreint ákvæði varð hluti af 23. kafla laganna. Gripið hefur verið til verulegra verklagsbreytinga hjá lögregluyfirvöldum og tekið er vel á því þegar grunur er um heimilisofbeldi og ákveðið ferli fer í gang hjá lögreglu sem hefur mikla þýðingu þegar þolendum er komið strax úr aðstæðum og í viðeigandi aðstoð. Hvað svo? Hvað tekur svo við þegar konur eru tilbúnar að fara út úr aðstæðum og jafnvel með ung börn? Í þeirri viðleitni að einfalda leið þolenda var sett á fót úrræði árið 2016 sem heitir Bjarkarhlíð. Hlutverk hennar er að virka sem lágþröskuldaúrræði fyrir þolendur ofbeldis og veitir ráðgjöf til þolenda um næstu skref, réttarstöðu og félagsaðstoð. Árið 2019 var sambærilegt úrræði stofnað á Akureyri undir nafninu Bjarmahlíð.

Suðurland er sá hluti landsins nær yfir hvað stærsta landsvæðið og teygir anga sína víða. Umdæmi Lögreglustjórans á Suðurlandi er þar af leiðandi mjög víðfeðmt en það nær frá Ölfusi allt austur á Höfn. Það gefur að skilja að Suðurland er mjög dreifbýlt og því getur verið erfitt að sækja sér aðstoð og koma sér út úr aðstæðum ef ekkert úrræði er í boði á Suðurlandi. Frá 2015 fram til ágúst 2019 voru skráð 4341 heimilisofbeldismál hjá lögreglu en þar af voru 265 eða 6,1% þeirra á Suðurlandi. Er það þriðji hæsti fjöldi skráninga á landinu á eftir höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum. Umtalsverð aukning hefur verið í skráningum heimilisofbeldis frá árinu 2019 en miðað við bráðabirgðatölur

frá embætti ríkislögreglustjóra er sú fjölgun mest á Suðurlandi. Þar tvöfaldaðist fjöldi mála frá árinu á undan og fór úr alls 43 árið 2018 í 85 árið 2019. Þarna er aðeins um skráð brot að ræða og undanskilin eru þau brot sem ekki er vitað af ásamt öðrum kynferðisbrotum sem skráð voru hjá lögreglu en alls 7004 kynferðisbrot skráð hjá lögreglu frá árinu 2001 til 2018 en 651 þeirra var skráð á Suðurlandi eða um 9,3% kynferðisbrota á fyrrgreindu tímabili.

Af framangreindu leiðir að þörfin fyrir úrræði á borð við Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð hafi verið til staðar á Suðurlandi um eitthvert skeið. Í samræmi við þörfina stofnaði öflugur félagskapur sunnlenskra kvenna, Sóroptimistaklúbbur Suðurlands, úrræði fyrir þolendur ofbeldis á Suðurlandi sem ber nafnið Sigurhæðir. Sigurhæðir er fyrsti formlegi samhæfingar- og samstarfsvettvangur aðila sem koma að málum er tengjast kynbundu ofbeldi á Suðurlandi. Viðtæk þjónusta og meðferð verður veitt þolendum og er markmiðið að veita konum 18 ára og eldri þjónustu en hjá Sigurhæðum verður boðið uppá sérhæfða áfallameðferð sem er ekki í boði innan að öðru leyti sambærilegra úrræða. Innan Sigurhæða verður boðið uppá lögfræðiráðgjöf sem Kvennaráðgjöfin sér um að þjónusta. Kvennaráðgjöfin sinnir einnig lögfræðiráðgjöf hjá Bjarkarhlíð og Bjarmahlíð. Lögreglan á Suðurlandi þjónustar þolendur og veitir ráðgjöf og upplýsingar inni í Sigurhæðum.

Gríðarlega mikilvægt er að tryggja aðgang þolenda að viðeigandi úrræðum og einfalda skrefin í átt að öruggu lífi, jafnframt að þolendur viti réttarstöðu sína og boðleiðir séu stuttar. Það er því afskaplega ánægjulegt að geta sagt frá því að Sigurhæðir opna þann 22. mars nk. og tekur úrræðið hlýlega á móti þeim sem á því þurfa að halda. Það á enginn að þurfa að búa við ofbeldi og á heimilið að vera gríðarstaður fjölskyldunnar þar sem öryggið er í fyrirrúmi.

Hafdís Hrönn
Hafsteinsdóttir.

Höfundur situr í verkefnastjórn Sigurhæða og er lögfræðingur hjá Kvennaráðgjöfinni.

Afrekshugur heima

Þann 26. febrúar síðastliðinn veitti ríkisstjórn Íslands félaginu *Afrekshugur* 4 milljóna króna styrk til þess að láta gera afsteypu af verki Nínu Sæmundsson *Afrekshugur* eða Spirit of Achievement, sem hefur verið táknmynd Waldorf Astoria hótelsins í New York síðan 1931.

Afsteypuna vill félagið láta reisa á Hvolsvelli til ævarandi minningar um frægustu listakonu héraðsins og fyrstu íslensku konuna sem gerði höggmyndalist að ævistarfi og naut alþjóðlegrar frægðar fyrir verk sín.

Stjórn *Afrekshugar* skipa: Friðrik Erlingsson, rithöfundur. Guðjón Halldór Óskarsson, organisti og stjórnandi Karlakórs Rangæinga. Anton Kári Halldórsson, oddviti sveitarstjórnar Rangárþings eystra. Rut Ingólfsdóttir, fíðluleikari og þýðandi. Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir, myndlistarmaður.

Spirit of achievement /Afrekshugur

Árið 1930 boðaði Waldorf Astoria hótelið til samkeppni meðal myndlistarmanna í Bandaríkjunum um höggmynd sem skyldi verða einkennistákn hótelsins. Nína, þá nýflutt til New York, sendi inn hugmynd sína að verkinu Spirit of Achievement. Af 400 innsendum tillögum valdi dómnefndin verk Nínu. Styttan var sett upp fyrir ofan inngang hótelsins árið 1931 og hefur öðlast ódauðlegan sess sem eitt af einkennistáknum borgarinnar og er auk þess einkennandi verk fyrir þetta tímabil í listasögunni, sem kennt er við Art Deco.

Nína Sæmundsson

Nína Sæmundsson var fædd Jónína Sæmundsdóttir í Nikulásarhúsum í Fljótshlíð 22. ágúst 1892. Nína var yngst fimm tán systkina, fædd inn í bændasamfélag 19. aldar þar sem fáar konur í alþýðustétt fengu tækifæri til að ráða lífi sínu eða láta draumana rætast. En upphafið að ferli hennar varð ævintýri líkast. Á unglingsaldri flutti hún til frænku sinnar í Kaupmannahöfn sem styrkti hana til náms. Nína nam fyrst við hina Konunglegu dönsku listaakademíu, var boðið að sýna verk sín m.a. í París og Róm en starfaði lengst af í Bandaríkjunum. Saga hennar er öðrum þræði saga mikilla sigra, en um leið harmrænna örlaga sem höfðu mikil áhrif á líf hennar.



Stjórn *Afrekshugar*: Anton Kári Halldórsson, Rut Ingólfsdóttir, Hrafnhildur Inga Sigurðardóttir, Friðrik Erlingsson. Á myndina vantar Guðjón Halldór Óskarsson.

Nína bjó frá upphafi yfir miklum viljastyrk og brennandi áhuga á listum og þróaði sinn klassíska stíl, þar sem hún sameinar hið stórbrotna og hið innilega. Hin uppreista manneskja varð eitt af helstu þemum hennar, ásamt andlitsmyndum, sem hún gerði að sérgrein sinni. Þekktust er Nína fyrir höggmyndir sínar, þ.á m. Sofandi drengur, Móðurást og *Afrekshugur*. Nína lést í Reykjavík 29. janúar 1965.

Um afsteypuna

Þegar endurbætur á Waldorf Astoria hótelinu hófust, 2016, var stytta Nínu tekin niður og sett í geymslu. Hótelið lét gera þrívíddarskönnun af styttni og þessi skönnun verður notuð við gerð afsteypunnar. Fyrirtækið Skulpturstöðberiet í Danmörku, sem hefur áratuga reynslu í þjónustu við myndhöggvara hvaðanæva úr heiminum, mun steypa eftirmynd styttnar í fullri stærð, 263 sentimetra á hæð.

Samingaviðræður um flutning afsteypunnar til Íslands standa yfir, sem og við flutningsaðila frá tollafgreiðslu og til Hvolsvallar. Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur frá upphafi verið afar jákvæð gagnvart þessu verkefni, mun taka að sér að sjá um gerð stöpsuls og undirbúning svæðisins þar sem *Afrekshugur* mun standa, á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði samkvæmt aðalaskipulagi, en þaðan mun hún horfa til suðurs og yfir þjóðveg nr. 1. Aðkoma að styttni verður auðveld fyrir alla þá sem vilja virða hana fyrir sér í návígi.

Afrekshugur stendur fyrir allt það sem við öll viljum geta búið yfir þegar á reynir. Síðasta ár hefur sýnt okkur að

sem betur fer eru *Afrekshugur* víða í okkar samfélagi. Þegar verkefni framundan virðast óleysanleg, þegar ekkert virðist ganga eftir sem við ætluðum okkur – þá þurfum við að vekja *Afrekshugann* innra með okkur. Sterkari bryning til góðra verka verður varla fundin en *Afrekshugur* Nínu Sæmundsson.

Þitt framlag

Félagið *Afrekshugur* var stofnað í þeim tilgangi að safna styrkjum til þessa verkefnis. Þann dag sem stytta verður afhjúpuð á Hvolsvelli verður félagið lagt niður og ef eitthvað er inni á reikningi þess verður þeim fjármunum skipt á milli björgunarsveitarinnar Dagrenninga á Hvolsvelli og góðgerðarmála. Kostnaður við afsteypu og flutning er á bilinu 7-9 milljónir.

Stjórn *Afrekshugar* vill hvetja alla landsmenn, og Sunnlendinga sérstaklega, til að leggja þessu máli lið með 5.000 kr. framlagi, með því að senda nafn og kennitölu á netfangið afrekshugur@gmail.com og fá beiðni senda í heimabanka. Þeir sem vilja styrkja verkefnið með hærri upphæð eru beðnir um að tilgreina þá fjárhæð í þessum sama tölvupósti.



82%

Sunnlendinga lesa
Dagskrána í hverri viku



Hvað gerum við?

Nanótækni, orkugeymsla, nefnavísindi, bálkakeðjur, líftækni, róbótar, sýndarveruleiki, drónar, þrívíddarprentun, sjálfkeyrandi bílar, hlutanetið, viðbættur veruleiki, gervigreind og örugglega margt fleira sem ég kann ekki að nefna. Þetta eru atriði sem tilheyra okkar hversdagi í vaxandi mæli núna og á næstu árum. Þetta eru nefnilega atriði sem tilheyra þeirri miklu iðnyblytingu sem stendur yfir þessi misserin og við tökum öll þátt í hvort sem okkur líkar vel eða síður. Þetta hljómar flest mjög spennandi í mínum eyrum en hvernig eigum við að nýta okkur þetta? Ég kann lítið í flestu af þessu – ætli þau störf sem við erum almennt að sinna núna hérna t.d. í Rangárþingi ytra breytist vegna þessara atriða á næstunni eða höldum við bara áfram að gera það sem við höfum verið að sýsla við?

Allt bendir til þess að atvinnulíf okkar muni breytast og við þurfum að búa okkur undir það með öllum tiltækum ráðum. Nýta þessa byltingu og taka þátt í henni þannig að vel-sæld og lífsgæði haldi áfram að þróast með jákvæðum hætti í okkar nánasta umhverfi rétt eins og víða á jarðarkringlunni. Við þurfum að hugsa í lausnum og grípa þau mýmörgu tækifæri sem alls staðar liggja – gera eitthvað sjálf. Ekki bíða. Í sveitarfélaginu mínu, Rangárþingi ytra, framleiðum við gríðarlegt magn af matvælum og þar verður til meirihluti þeirrar raforku sem drífur Ísland áfram. Svo erum við auðvitað mikið í því að taka á móti ferðamönnum og þjónusta fólk með margvísleg verk-efni, flytja vörur, smíða, gera við bíla, rækta hross o.fl. Þetta er það sem við gerum mest núna og erum satt best að segja mjög góð í þessu enda gengur okkur



Ágúst Sigurðsson

sveitarstjóri í Rangárþingi ytra

vel. Hér í Rangárþingi ytra flykkist að okkur fólk, sækir um lóðir, byggir hús, börnum fjöl-gar í skólunum, samfélagið vex og dafnar og flestir una glaðir við sitt enda dásamlegt að búa í Rangárþingi ytra og hamingjan skín af mönnum og skepnum.

Þannig viljum við hafa það áfram og það þurfum við að tryggja m.a. með því að huga vel að atvinnulífi, hvar getum við sýnt frumkvæði og skapað eitthvað nýtt í þeim efnum. Við íbúar í Rangárþingi ytra ætlum að velta þessum málum fyrir okkur á opnum íbúafundi þann 23. mars næstkomandi kl. 20:00. Þar ætlar Þórður Freyr Sigurðsson, sviðsstjóri þróunarviðs SASS, að gefa okkur yfirlit um atvinnumál í Rangárþingi ytra og m.a. segja okkur hvað við erum að gera núna. Einnig ætlar Sigurður H. Markússon nýsköpunarstjóri hjá Landsvirkjun að greina frá tækifærunum sem liggja í sjálfbærri matvælaframleiðslu. Sveitarstjórinn ætlar síðan að velta fyrir sér hlutverki sveitarfélagsins í þessu samhengi. Oddviti okkar, Björk Grétarsdóttir, mun stýra fundinum. Íbúafundurinn verður á Stracta hóteli, Hellu, en einnig í boði að vera með á ZOOM og öllu streymt á samfélagsmiðlum að sjálfsögðu. Að því loknu verða snarpar umræður og skilvirk hópastarf. Þeir sem ætla að vera á staðnum eða ZOOM þurfa að skrá sig á www.ry.is. Þetta gerum við meðal annars – framtíðin er heillandi.



Skjálftinn auglýsir eftir verðlaunagrip

Skjálftinn er hæfileikakeppni ungmennta í grunnskólum Árnassýslu og verður haldin í fyrsta sinn 15. maí þegar atriði frá 10 skólum verða flutt í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn.

Skjálftinn er byggður á 30 ára reynslu Skrekkis, hæfileikakeppninni sem haldin hefur verið fyrir ungmenni í grunnskólum Reykjavíkurborgar í 30 ár.

Skjálftanum vantar verðlaunagrip, farandgrip sem fer heim í skóla þess sigurliðs sem vinnur hvert sinn. Áhugasamir listamenn á öllum aldri eru hvattir til að senda inn tillögu með greinagóðri lýsingu á gripnum, með skissum eða mynd á sudurlands.skjalftinn@gmail.com fyrir 16. apríl.

Vinningstillagan hlýtur 100.000 kr. auk efniskostnaðar.

Aðalfundur Hollvinafélags Njálurefils

Aðalfundur Hollvinafélags Njálurefilsins verður haldinn fimmtudaginn 25. mars næstkomandi á Refilstofu Njálurefilsins, Sögusetrinu Hvolsvelli. Fundurinn hefst klukkan 20:00 og eru Hollvinir hvattir til að mæta og leggja fram hugmyndir um áframhaldandi starfsemi félagsins. Það er von stjórnar að hollvinir fjölmenni og nýir félagar eru velkomnir og hægt er að skrá sig í félagið um leið og mætt er á fundinn.

Dagskrá aðalfundar

- Setning fundar
- Skýrsla stjórnar
- Reikningar félagsins fyrir árið 2020
- Kosning stjórnar
- Önnur mál

Vonumst til að sjá sem flesta.

Tvær tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017-2029 og tvær tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Hveragerði



HVERAGERÐISBÆR

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar samþykkti þann 11. mars sl. að auglýsa eftirtaldir tvær breytingartillögur að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og eftirtaldir tvær breytingartillögur að deiliskipulagi skv. 43. gr. sömu laga:

Hlíðarhagi, þétting byggðar, breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi, sem nær til 1,8 ha. svæðis fyrir íbúðabyggð ÍB5 og afmarkast til vesturs af Hamrinum, til norðurs af opnu svæði, til vesturs af Breiðumörk og til suðurs af íbúðabyggð við Laufskóga. Breytingartillagan felur í sér að þéttleiki byggðar á svæðinu fer úr 15 íbúðum/ha. í 25 íbúðir/ha. með áherslu á litil fjölbýli og raðhús. Meginmarkið tillögunnar er að nýta svæðið betur með litlum og millistórum íbúðum í góðum tengslum við aðliggjandi byggð, útivistarsvæði og þjónustu.

Samhliða auglýsingu á ofangreindri tillögu að breytingu á aðalskipulagi svæðisins er jafnframt auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi svæðisins, til samræmis við aðalskipulagstillöguna.

NLFÍ og Heilsustofnun NLFÍ, öflug samfélagsþjónusta og nýtt íbúðasvæði, breyting á aðalskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á aðalskipulagi sem nær til 11,7 ha. svæðis, sem Náttúruvæðingafélag Íslands hefur til umræða og afmarkast til suðvesturs af Þelamörk og íbúðabyggð við Lækjarbrún, til norðvesturs af Grænumörk og opnu svæði á Fagrahvammsstúni, til norðausturs af strandsvæði meðfram Varmá og til suðausturs af fyrirhugaðri íbúðabyggð við Hólmabrún. Skv. gildandi aðalskipulagi eru tveir landnotkunarreitir á svæðinu, S8-Samfélagsþjónusta og VP6-verslun- og þjónusta. Breytingartillagan felur í sér nýjan 2,8 ha. landnotkunarreit fyrir íbúðabyggð ÍB14, sem staðsettur er við Þelamörk á milli Lækjarbrúnar og Hólmabrúnar. Sá hluti VP6 reitsins, sem eftir stendur, rennur saman við S8 reitinn. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni og þétting íbúðarbyggðar.

Deiliskipulag við Varmá, frá Lystigarðinum Fosslöt og norður fyrir Friðarstaði.

Um er að ræða tillögu að breytingu á deiliskipulagi svæðis sem nær til 11 ha. svæðis meðfram Varmá, sem afmarkast til suðurs af Lystigarðinum Fosslöt, til vesturs af götunni Breiðumörk, til norðurs af opnu svæði norðan Friðarstaða og til austurs af Varmá. Í gildi eru tvær deiliskipulagsáætlanir sem ná til hluta svæðisins, deiliskipulag Friðarstaða og deiliskipulag Hverhamars og Hverhvamms, sem falla úr gildi við gildistöku breytingartillögunnar. Breytingartillagan felur m.a. í sér nýjar lóðir fyrir ferðatengda þjónustu, gróðurhús og nýjar íbúðarlóðir. Meginmarkmið tillögunnar er að skapa grundvöll fyrir uppbyggingu ferða- og heilsutengdrar þjónustu og skapa gott aðgengi að Varmá með gerð góðra göngustíga og áningarsvæða.

Breytingartillögunnar fjórar liggja frammi á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20 og eru auk þess aðgengilegar á heimasíðu Hveragerðisbæjar, www.hveragerdi.is. Jafnframt verður tillaga að deiliskipulagi við Varmá til sýnis í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögunnar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar í síðasta lagi mánudaginn 3. maí 2021, annaðhvort á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar að Breiðumörk 20, 810 Hveragerði eða á netfangið gfb@hveragerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar

Íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Tap hjá Selfossi í kaflaskiptum leik

HANDBOLTI Stelpurnar okkar þurftu að láta í minni pokann fyrir Gróttu í Hleðsluhöllinni á sunnudag er liðin áttust við í Grill 66 deildinni.

Gróttustelpur byrjuðu leikinn betur og náðu fljótt yfirhöndinni, voru komnar 1-4 yfir eftir nokkrar mínútur. Selfyssingar tóku þá við sér, tóku góða rispu og minnkuðu muninn. Gróttu tók leikinn aftur yfir og slitu sig aftur frá heimastelpum, staðan í hálfleik 8-14. Gestirnir héldu áfram að vera ákveðna liðið í upphafi síðari hálfleiks og virtust vera að ganga frá leiknum



Arna Kristín var öflug að vanda og nýtti öll fjögur vítin gegn Gróttu. Ljósmynd: Umf. Selfoss/SÁ

þegar Selfyssingar tóku leikhlé í stöðunni 10-18. Heimastelpur

voru þó ekki hættar og minnkuðu þær muninn niður í fjögur mörk áður en Gróttu náði jafnvægi á sinn leik á ný og náðu að sigla sigrinum heim, lokatölur 20-25.

Mörk Selfoss: Arna Kristín Einarsdóttir 6, Katla Björg Ómarsdóttir 4, Agnes Sigurðardóttir, Raket Guðjónsdóttir og Elín Krista Sigurðardóttir 3 og Ivana Raičković 1. Varin skot: Lena Ósk Jónsdóttir 8 (24%).

Næsti leikur stúlkanna er í Mosfellsbæ, þegar þær mæta Aftureldingu miðvikudaginn 24. mars. -Umf. Selfoss/ÁPG

Arnar Freyr gráðaður

JÚDÓ Arnar Freyr Ólafsson úr júdeild Selfoss og varaformaður JSÍ tók 1. dan próf 6. mars síðastliðinn og stóðst það með glæsibrag. Uke hjá honum var sonur hans Hrafn Arnarsson.

Til hamingju með nýju gráðuna. Vel að þessu kominn og enn einn svartbeltingur hjá félaginu. -Frétt af vef JSÍ



Arnar Freyr (t.h.) og Hrafn. Ljósmynd: JSÍ

Barbára Sól best

KNATTSPYRNA Segja má að endahnúturinn hafi verið rekinn á sumarið 2020 hjá meistara-flokki kvenna í seinustu viku þegar verðlaun voru veitt fyrir sumarið. Vegna aðstæðna í samfélaginu gafst ekki kostur á að gera þetta fyrr. Það var Alfreð Elías Jóhannsson, þjálfari liðsins, sem afhenti verðlaunin fyrir æfingu.

Áslaug Dóra Sigurbjörnsdóttir hlaut verðlaun fyrir mestu framfarir og ástundun en hún var einnig valin efnilegasti leikmaðurinn. Þrátt fyrir ungan aldur lék Áslaug níttján leiki í hjarta varnarinnar síðasta sumar og stóð sig virkilega vel.

Tiffany McCarty var markahæst en hún skoraði tíu mörk í níttján leikjum fyrir félagið.

Þóra Jónsdóttir hlaut Guðjónsbikarinn en hann er veittur fyrir mikilvægt framlag iðkenda félagsins og jákvæðni innan vallar sem utan. Bikarinn er veittur árlega til minningar um Guðjón Ægi Sigurjónsson.

Besti leikmaður ársins er



Alfreð afhenti leikmönnum viðurkenningar sínar á æfingu í seinustu viku. Ljósmynd: Umf. Selfoss

Barbára Sól Gísladóttir en hún átti frábært sumar í vínrauðu treyjuni. Barbára spilaði sautján leiki á síðasta tímabili og skoraði í þeim tvö mörk. Í haust var Barbára Sól valin í fyrsta skipti í A-landsliðið. Hún lék sinn fyrsta leik gegn Lettum og skilaði tveimur stoðsendingum



á einungis 45 mínútum sem hún spilaði. Barbára vakti áhuga stórra liða og samdi við skoska félagið Celtic um að leika með liðinu fram að vori. Vegna heimsfaraldursins af völdum covid-19 varð því miður ekkert úr því í þetta skiptið.

-Umf. Selfoss/IRI

Körfubolta helgi hjá Hamri

KÖRFUBOLTI Helgin 12.-14. mars var svo sannarlega viðburðarík í starfi kkd. Hamars í Hveragerði. Á föstudeginum spilaði mfl. karla við Álftanes og vann þar flottan sigur 104:96. Á laugardegnum spiluðu svo þrír hópar á þremur mismunandi stöðum, minni bolti stráka spilaði í Þorlákshöfn með bæði A og B lið. Á Ísafirði spiluðu strákarnir í 10. flokki við lið Vestra og þar kom flottur sigur 33:55 þar sem allir leikmenn Hamars skilðu mikilvægum mínútum og flottum leik. Rétt seinna spilaði unglingsflokkur karla við Hött á Egilsstöðum og þar kom einnig sigur 66:107. Sunnudagur hófst svo í Þorlákshöfn aftur þar sem bæði A og B liðin spiluðu í minni bolta karla, B liðið átti góðan dag og vann fyrri leikinn sinn og hélt

sér þannig í C – deild (3. deild) sem er mjög góður árangur hjá strákunum. A liðið spilaði seinna um daginn og unnu þeir alla sína leiki nokkuð öruggt um helgina og eru því komnir á meðal sex bestu liða á landinu í sínum árgangi. Sannarlega frábær árangur og annað liðið frá yngri flokkum Hamars sem er meðal bestu liða landsins í sínum aldurshópi því 9. flokkur karla spilar einnig í efstu deild með sameiginlegt lið Hamar/Hrunamenn. Meistaraflokkur kvenna lokaði svo virkilega sigursælli helgi fyrir Hvergerðinga með því að vinna þegar Vestri kom í heimsókn og vann sameiginlegt lið Hamars/Þórs leikinn 86:80 í framlengdum leik. Flott körfubolta helgi að baki og framtíðinn svo sannarlega björt í körfunni. -Hamar



Ingi Rafn í Árborg

KNATTSPYRNA Í seinustu viku var tilkynnt að knattspyrnumaðurinn Ingi Rafn Ingi Bergsson hafi bundið trúss sitt við Knattspyrnufélag Árborgar fyrir komandi keppnistímabil.

Inga Rafn þarf vart að kynna fyrir knattspyrnuáhugamönnum á Suðurlandi en hann hefur spilað með meistaraflokki Selfoss í þrettán tímabil eftir að hann lék sína fyrstu leiki á Selfossi árið 2002.

Síðan þá hefur hann komið við hjá þremur liðum, ÍBV, Ægi og nú síðast Árborg að láni. Ingi Rafn hefur nú gengið til liðs við Árborg á nýjan leik og mun leika með liðinu í 4. deild í sumar.

„Ingi hefur verið frábær þjónn fyrir félagið en hann á um 320 leiki spilaða fyrir Selfoss. Í þeim hefur hann skorað vel



yfir 50 mörk. Hann hefur leikið með liðinu í 2. deild, 1. deild og úrvalsdeild,“ segir á fésbókarsíðu Selfoss. „Við þökkum Inga kærlega fyrir árin í vínrauðu treyjuni. Minningarnar eru ótalmargar bæði súrar og sætar. Gangi þér vel í nýju liði!“

-Umf. Selfoss/AHM

Selfoss tapaði naumlega

KNATTSPYRNA Selfoss tapaði 2-1 fyrir Þrótti í Reykjavík í A-deild Lengjubikarsins í seinustu viku.

Hildur Egilsdóttir kom Þrótturum yfir á 76. mínútu og einungis mínútu síðar var Helena Hekla Hlynsdóttir rekin af velli hjá Selfyssingum. Enn syrti í álinn fyrir okkar stelpur stuttu síðar þegar Áslaug Dóra Sigur-

björnsdóttir varð fyrir því óláni að koma boltanum í eigið net og staðan 2-0 fyrir Þrótt. Selfyssingar minnkuðu muninn undir lok leiks er Sigmundína Sara Þorgrímsdóttir kom boltanum í eigið net.

Selfoss er í fjórða sæti með þrjú stig eftir þrjá leiki.

-Umf. Selfoss/IRI

Aðalfundur í rafíþróttum og handbolta

UMF. SELFOSS Nú líður að seinustu aðalfundum deilda Umf. Selfoss. Mánudaginn 22. mars kl. 20:00 verður aðalfundur raffíþróttanefndar og

þriðjudaginn 23. mars kl. 20:00 verður aðalfundur handknattleiksdeildar. Fundirnir verða haldnir í Tíbrá, félagsheimili Umf. Selfoss.



Mix lið Selfoss GK-meistarar 2021

Fimleikar 20. febrúar sl. fór fram GK mót í hópímleikum á Akranesi. Fimleikadeild Selfoss sendi þrjú lið á mótíð; 1. flokk kvk., 1. flokk mix og kk. eldri. Keppendurnir frá Selfossi stóðu sig mjög vel á mótinu. Mix lið Selfoss eru GK-meistarar

2021. Liðið er ungt og efnilegt og samanstendur af stúlkum og drengjum á aldrinum 13-17 ára. Stelpurnar í 1. flokki stúlkna enduðu í 2. sæti eftir harða baráttu við Stjörnunna og töpuðu með aðeins 0,065 stiga mun. Keppnin var virkilega hörð í

þessum flokki en stúlkurnar frá Selfossi sigruðu trampólínið með stórglæsilegum æfingum. Lið kk. eldri samanstendur af drengjum á aldrinum 10-14 ára. Strákarnir stóðu sig vel á mótinu og enduðu í 4. sæti.

Hugleiðingar vegna Hrótmúlavirkjunar

Í fundargerð hreppsnefndar Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 20. janúar sl. kemur fram að þar hafi mætt fulltrúi Gunnbjarnar ehf. ásamt starfsmönnum verkfræðistofnunar EFLU, til að kynna áætlanir Gunnbjarnar um byggingu allt að 85 Megawatta vindafsvirkjunar á jörð félagsins í Skáldabúðum. Á fundinum var lögð fram skýrsla EFLU um tilhögun framkvæmdarinnar, sem nefnd hefur verið Hrótmúlavirkjun og fengið númerið R4304A í Rammaáætlun 4. Í inngangi að skýrslu EFLU segir um tilurð þessa verkefnis og aðkomu sveitarstjórnar: „Kynning var haldin fyrir sveitarstjóra og sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps í Árnesi þann 24. september 2019 þar sem farið var yfir mögulega tilhögun og næstu skref.“ Athygli vekur að þrátt fyrir að hér sé um afar stórkallalega framkvæmd að ræða, sem hafa mun mikil áhrif á ásýnd og framtíðarmöguleika íbúa á nágrennajörðum, er efnislega ekkert bókað í fundargerðum sveitarstjórnar um þennan fund og ítreka þurfti beðni til að fá kynningargögn frá honum. Við nánari eftirgrensulan kemur síðan í ljós að framkvæmdaaðili og sveitarstjórn hafa nú í hátt á annað ár unnið að undirbúningi þessa verkefnis, án nokkurs samráðs við íbúa í nágrenni Skáldabúða.

En lítum ögn á umfang þessarar framkvæmdar áður en lengra er haldið eins og hún birtist í framangreindri skýrslu EFLU. Reisa á allt að 25 150 metra háar vindmyllur. Staðsetning þeirra er á tünnum jarðarinnar, allt frá ármótum Kálfár og Skáldabúðakvíslar við jarðarmörk Steinsholts, inn ranann á milli ána meðfram stærstum hluta jarðarmarkna móti Minni-Mástungu, inn fyrir túnin þar sem landið fer hækkandi. Bærinn í Skáldabúðum er í nálægt 230 metra hæð yfir sjó, sem þýðir að spaðar

vindmyllanna munu skaga allt upp í 370 til 380 metra hæð. Til samanburðar má nefna að hæsti punktur Hlíðarfjalls, Hlíðarkista, er í 365 metra hæð. Í skýrslunni er leitast við að leggja mat á sýnileika framkvæmdanna, en þar segir m.a. „Vindmyllur eru sýnilegar frá nokkrum bæjum til suðurs sem eru flestir í 5 km fjarlægð eða meira.“ Hér er vægast sagt lítið gert úr áhrifum þessara framkvæmda á nágrennið. Myllurnar verða mjög sýnilegar af bæjarhlaði Steinsholts og nánast allt land jarðarinnar ásamt Mástungubæjum liggja undir gagnvart þessu auk aðkomu að Laxárdal. Þá munu myllurnar blasa við um austanverðar uppsveitir Árnessýslu og til suðurs niður um Rángarþing.

Í skýrslunni er síðan leitast við að meta hljóðvíst í nágrenni framkvæmdanna og dregin sú ályktun að það verði ekki vandamál á nágrennbæjum. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að stór hluti nágrennajardanna Steinsholts, Laxárdals og Minni-Mástungna er innan áhrifsvæðis hvað þetta varðar og rýrir þar með stöðu þeirra.

Á fundi sveitarstjórnar Skeiða- og Gnúpverjahrepps 15. apríl 2020 var Gunnbirni ehf. veitt heimild til að hefja vinnslu við gerð skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þann 10. júní sl. var síðan lögð fram skýrsla verkfræðistofunnar EFLU sem innihélt skipulags- og matslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarinnar fyrir vindorkugarð í Skáldabúðum, sem sveitarstjórn samþykkti til kynningar á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Þann 30. september er síðan lögð fyrir sveitarstjórn umsögn Skipulagsstofnunar vegna framangreindrar skipulagslýsingar, þar segir m.a.: „Eins og áður segir liggur ekki fyrir stefna á lands- eða svæðis-

vísu um vindorkunýtingu, þ.e. við hvaða aðstæður eða á hvers konar svæðum stefnt skuli að nýtingu vindorku eða hún komi til greina. Því er mikilvægt að sveitarfélagið geri grein fyrir þeim skipulagslegu forsendum sem liggja að baki skipulagsákvörðunum um þetta tiltekna verkefni, sbr. framanlagða lýsingu. Í skipulagstillögu þarf að skýra af hverju sveitarfélagið telur þetta ákjósanlega nýtingu og staðsetningu fyrir vindorkunýtingu og hverjar eru helstu áherslur og markmið sveitarstjórnar með breytti stefnu um landnotkun.“ Afgreiðsla málsins er síðan með eftirfarandi hætti: „Sveitarstjórn samþykkir að vísa þessari lýsingu til höfundar deiliskipulags og taka tillit til ábendinga Skipulagsstofnunar.“ Ekki verður því betur skilið en sveitarstjórn vísi vinnu við markmiðsetningu sveitarfélagsins í skipulagsmálum vegna vindorkunýtingar til verkfræðistofu á vegum framkvæmdaaðila. Veruleikinn er sá að með framgöngu sinni er sveitarstjórn að setja aðliggjandi jarðir í herkví skipulagsferilsins og framkvæmdaaðila. Verði málinu haldið áfram í þessum farvegi munu ábúendur því knúin til að verja hendur sínar gagnvart sveitarfélaginu.

Þau mannvirki sem hér um ræðir eiga ekkert skylt við það sem hingað til hefur verið reist í sveitum landsins og munu hafa afdrifarík áhrif á umhverfi sitt, mannlíf og landslag. Slíkar stefnumarkandi ákvarðanir þarfnað því víðtækrar umræðu meðal íbúa og hagsmunaaðila innan sveitarinnar. Það verður þó ekki gert af neinu viti undir þrýstingi eins aðila. Því er hér skorað á sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps að stöðva nú þegar þá skipulagsvinnu sem í gangi er vegna fyrirhugaðs vindorkugarðs í Skáldabúðum.

Sigurður Loftsson, Steinsholti.



LAGERHÚSNÆÐI ÓSKAST

Óska eftir 100-200 fermetra lagerhúsnæði á Selfossi eða í nágrenni til kaups eða leigu. Nánari upplýsingar í síma 897 3374.

Aðalfundur

Aðalfundur Stangaveiðifélags Selfoss verður haldinn á Hótel Selfossi föstudaginn 26. mars kl. 20.

Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórnin



Lóð undir þjónustumiðstöð í Þjórsárdal

Skeiða- og Gnúpverjahreppur auglýsir eftir aðila til að byggja upp þjónustumiðstöð og ferðaþjónustu við Selhöfða í Þjórsárdal á landi í umsjón Skógræktarinnar. Afmörkuð verður lóð í samráði við verðandi lóðarhafa.

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps hefur samþykkt rammaskipulag um Þjórsárdal. Þar er þess getið í kafla 4.1 að meðal markmiða sé að efla þjónustu við ferðamenn í Þjórsárdal.

Krafa verður gerð um að tilheyrandi framkvæmdir verði aðlagðar náttúru og umhverfi.

Verðandi lóðarhafi mun bera allan kostnað sem hlýst af undirbúningi verkefnisins. Þar með er talinn skipulagskostnaður.

Þekking á svæðinu og reynsla af ferðaþjónustu er æskileg.

Umsækjendur skulu greina frá áformum um uppbyggingu á lóðinni, svo sem stærð byggingar, umfangi rekstrar og byggingartíma. Auk þess skulu umsækjendur leggja fram tilboð um afgjald af lóðinni.

Umsóknir sendist til Kristófers Tómassonar, sveitarstjóra Skeiða- og Gnúpverjahrepps á netfangið kristofer@skeidgnup.is. Umsóknarfrestur er til og með 30. mars nk.

Við eigum samleið

Nýlega tilkynnti ég ákvörðun mína um að sækjast eftir 1. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í prófkjöri sem fram fer í maí vegna alþingiskosninga í haust. Viðbrögðin hafa verið mikil og jákvæð og fyrir þau er ég afar þakklát.

Það er vissulega stór ákvörðun að óska eftir umboði til starfa á vettvangi Alþingis og það hafði satt að segja ekki hvarflað að mér fyrir en nú nýverið. Ég hef ekki tekið virkan þátt í stjórn-málastarfi á landsvísu en hjartað slær til hægri og hefur alltaf gert. Ég er alin upp við sjálfsstæðisstefnuna með tilheyrandi frelsi, velferð og ábyrgð, allt

kunnugleg stef í stefnu Sjálfstæðisflokksins. Það er sú stefna sem höfðar til mín og fyrir slíkan málstað mun ég standa. Þegar betur var að gáð var ég tilbúin að gefa gefa kost á mér í landsmála-pólitík og gefa mig alla í verk-efnið enda tel ég mig hafa öðlast notadrjúga þekkingu og reynslu fyrir í störfum mínum undan-farin ár sem nýst getur vel fyrir Suðurkjördæmi nái ég árangri í prófkjöri sem framundan er.

Fyrst skal auðvitað nefna að ég hef tekið þátt í að reka fjöl-skyldufyrirtækið okkar, Kjörís í Hveragerði, allan minn starfsfer-il á vinnumarkaði. Síðustu tíu ár hef ég síðan gegnt ýmsum trún-

aðarstörfum fyrir heildarsamtök í atvinnulífni og lífeyrissjóða-kerfið. Þar eru snertifletir við fjöldamargt í atvinnulífni og í gangverki þjóðfélagsins yfirleitt sem ég kynntist vel og gat haft áhrif á, eðli máls samkvæmt. Óneitanlega er spennandi að fá að vera hreyfiafl, að eiga sér hugsjónir og sjá þær raungerast. Það er einmitt sú reynsla sem ég veit að nýttist í störfum á Alþingi íslendinga.

Ég er fædd og uppalin á Suð-urandi. Hér liggja mínar rætur og hér hef ég starfað alla tíð. Ég hef óbilandi trú á framtíðar-möguleikum Suðurkjördæmis og ég vil leggja mitt af mörkum

til að styrkja innviði þess á alla vegu. Við erum í fremstu röð og eigum að vera hvort heldur litið er til sjávarútvegs, landbúnaðar og matvælaframleiðslu, ferða-þjónustu eða margskonar iðn-aðar.

Síðustu ár höfum við orðið vitni að mikilli fjölgun íbúa í kjördæminu sem kallar á öfluga og trausta innviði samfélagsins okkar. Brýnt er að samgöngur verða sömuleiðis að svara kalli tímans. Heilbrigðisþjónustan verður að vera öflug til að sinna þörfum okkar íbúanna.

Atvinnuálin eru mér sérlega hugleikin enda er atvinnulífið

Guðrún Hafsteinsdóttir

Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi



sjálfur grunnurinn. Við þurfum fjölbreyttari atvinnusköpun til að fjölga störfum í kjördæminu.

Við getum hvert og eitt okkar haft áhrif á framtíðina. Það ætla ég að gera.

Ég hlakka til að hitta ykkur sem flest á förunum vegi næstu vikurnar.

Eflum Suðurkjördæmi. Guðrún Hafsteinsdóttir í 1. sæti!



Auglýsing um skipulagsmál

Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst sameiginleg tillaga að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun.

Hvammsvirkjun, deiliskipulag virkunar í Þjórsá. Sveitastjórnir Rangárþings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps leggja sameiginlega fram tillögu að deiliskipulagi fyrir Hvammsvirkjun til auglýsingar. Framkvæmdasvæði Hvammsvirkjunar er í báðum sveitarfélögnum. Stöðvarmannvirki verða í landi Hvamms í Rangárþingi ytra, en stíflumannvirki og lón munu taka yfir land í ofanverðri Landsveit í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ofangreind tillaga ásamt kynningargögnum frá Landsvirkjun má nálgast hjá Skipulagsfulltrúum ofangreindra sveitarfélaga, og á heimasíðum sveitarfélaganna Rangárþings ytra, www.ry.is og Skeiða- og Gnúpverjahrepps www.skeidgnup.is. Nálgast má frekari upplýsingar auk niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum á heimasíðu verkefnisins Hvammsvirkjun - hvammur.landsvirkjun.is. Athugasemdir og ábendingar við auglýsingu deiliskipulagsins skulu berast eigi síðar en 30. apríl 2021 og skal skilað skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni, á skrifstofu skipulagsfulltrúa Rangárþings ytra Suðurlandsvegi 1-3, Hellu eða með tölvupósti á netföngin vigfus@utu.is og/eða birgir@ry.is. Í samræmi við bókun sveitarstjórnar teljast athugasemdir sem bárust vegna kynningar málsins jafnframt til athugasemda við auglýsingu skipulagsins nema ný athugasemd berist frá sama aðila á auglýsingatíma skipulagsins.

Haraldur Birgir Haraldsson,
skipulagsfulltrúi Rangárþings ytra

Vigfús Þór Hróbjartsson,
skipulagsfulltrúi UTU



Forsvarsfólk nýsköpunarverkefna sem hlaut styrk Orkídeu að þessu sinni.

Nýsköpunarteymi Startup Orkídeu

Fimm teymi hafa verið valin til þátttöku í Startup Orkídeu á vegum Icelandic Startups og Landsvirkjunar. Startup Orkídea er svokallaður viðskiptahraðall sem miðar að því að koma nýsköpunarhugmyndum frumkvöðla og fyrirtækja í framkvæmd með þjálfun og tengslum við fjárfesta. Orkídea er samstarfsverkefni Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga (SASS), Landsvirkjunar, Landbúnaðarháskólans og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Orkídea hóf nýlega starfsemi sína og er með aðsetur í húsnæði SASS á Austurvegi 56 á Selfossi. Starfsmenn Orkídeu, Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri og Helga Gunnlaugsdóttir, rannsókn- og þróunarstjóri, taka þátt sem ráðgjafar teymanna ásamt fleiri sérfræðingum. Við tókum Svein tali og spurðum fréttu af hraðlinum.

„Startup Orkídea er vettvangur fyrir þróun viðskiptahugmynda og nýsköpunarverkefna um sjálfbærar lausnir á sviði matvælaframleiðslu og líftækni. Teymin voru í vinnustofu og skoðunarferð hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Reykjum nýlega. Ég kynnti starfsemi Orkídeu og Sigurður H. Markússon, nýsköpunarstjóri hjá Landsvirkjun, talaði um áskoranir matvælaframleiðslu í framtíðinni þar sem endurnýjanleg orka og tækniþróun skipa sifjellt stærri sess. Ísland hefur góða ímynd á sviði orku og matvæla og útflutningsmöguleikar okkar á sviði matvæla eru umtalsverðir. Við fengum líka tækifæri til að kynna þessum skapandi teymlum sem voru valin úr stórum hópi umsókna,“ sagði Sveinn

Og hver eru þessi teymi?

„Teymi úr Þykkvabænum, 1000 ára sveitaþorp, er að þróa vör-una Kindakol, sem eru sjálfbær og vistvæn iðnaðarkol unnin úr lífmassa eins og kindataði og hampi. Þessi vara er vistvæn leið til að grilla og reykja matvæli en það er líka verið að skoða mun stærri not fyrir vörurnar. Ársæll Markússon fer fyrir því teymi.

Svo er það teymið Krakkakropp sem þróar einstakt barna-naSl úr íslensku grænmeti sem bráðnar í munn. Krakkakropp inniheldur grænmeti sem ekki nýttist í hefðbundnar söluvörur. Krakkakropp er ætlað öllum börnum sem vilja mat úr sjálfbær- umhverfissvænu hráefni án aukaefna eða óæskilegra varna-efna. Arnkell Arason, Sigrún Anna Magnúsdóttir, Vaka Mar Valsdóttir eru í því teymi.

Fyrirtækið Livefood ehf. frá Hveragerði hefur framleitt há-gæðaosta úr íslenskum plöntuaf-urðum með hefðbundnum að-ferðum ostagerðar og jarðvarma í Hveragerði. Framleiðslan er á tilraunastigi en á mikili erindi við markaðinn. Ostarin verða m.a. framleiddir úr kartöflum og íslenskri haframjól, en eftir-spurn er eftir bragðmiklum há-gæðaplöntuostum sem allir geta notið. Erlendur Eiríksson, Fjóla Einarsdóttir, Ingólfur Þór Tómas-son, Kolbrún Kristjánsdóttir eru í því teymi.

Sif Biotech er líftæknifyrirtæki sem notfærir sér plöntur sem sveigjanlegar framleiðslu-einingar fyrir próteinafurfir og líftæknilyf. Að nota lífhannaðar plöntur sem framleiðslueiningar fyrir lyf og önnur mikilvæg efni býður upp á gífurlega kosti fram yfir hefðbundnar framleiðsluað-ferðir. Slík framleiðsla er sveigj-

anlegri, sneggr og auðskalan- legri, ásamt því að nýta sér sér- stöðu Íslands er varðar aðgang að fersku vatni og endurnýjan- legum orkugjöfum. Bergþór Traustason, Arna Sigurðardóttir og Einar Páll Gunnarsson eru í því teymi.

Viskur er nafn á afurð sem sameinar plöntur (vegan) og fiskbragð og þaðan er nafnið komið (vegan fiskur). Fyrirtæk- ið mun framleiða grænkeramat sem líkist íslenskum sjávaraf-urðum. Við framleiðsluna eru nýttar hliðarafurðir frá smáþör-ungaframleiðslu á Íslandi. Hér er næringarríkt hráefni sem inni- heldur góða samsetningu pró- teina og hefur hingað til verið ónýtt hliðarafurð. Eydís Ylfa Erlendsdóttir og Helga Guðný Elíasdóttir mynda það teymi.“

Næstu skref?

„Teymin hafa þegar hafist handa og þátttakendur fá aðgang að fræðslu og þjálfun frá innlend- um og erlendum sérfræðingum á sviði nýsköpunar og sækja einnig fundi með fjölda leið- beinenda úr atvinnulífni. Þess- um teymlum býðst 1 milljón kr. styrkur frá Landsvirkjun gegn kauprétti sem ætlað er að veita þeim svigrúm til að einbeita sér að nýsköpunarverkefnum sínum meðan á hraðlinum stendur. Öll teymin stefna að því að þiggja styrkinn og sé sú vinna í fullum gangi,“ sagði Sveinn að lokum.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Startup www.startu- porkidea.is/sprotar og á vefsíðu Orkídeu, orkidea.is. -gpp

Bleiki fíllinn í stofunni



Í ágúst árið 2005 gekk ég harkalega á vegg. Ég er ekki að tala um í orðsins fyllstu merkingu heldur gekk ég á vegg andlega. Ég hafði alla mína tíð verið snillingur í að greina hvernig fólk í kringum mig leið og tiplaði því á tánum í kringum þá sem ég umgekkst til að reyna að halda friðinn. Ég vissi alltaf hvernig aðrir í kringum mig höfðu það. Hvað það þurfti á að halda, hvað það vildi og svo mætti áfram telja. Í dag er þetta skilgreint sem meðvirkni.

Í eftirfarandi texta sem finna má á heimasíðu Lausnarinnar, fjölskyldumiðstöðvar segir:

Meðvirkni er sjúkleiki sem tærir upp sál okkar. Hann hefur áhrif á allt okkar líf, fjölskyldur okkar, börn, vini, skyldmenn, fyrirtæki okkar og frama, heilsu og andlegan þroska. Hann er hamlandi og ómeðhöndlaður hefur hann eyðileggjandi áhrif á okkur sjálf og aðra enn frekar. Mörg okkar enda í þeirri aðstöðu að þurfa að leita til annarra eftir hjálp.

Ég var komin á þann stað að ég þurfti að leita eftir hjálp. Ég man þennan dag eins og hann hafi gerst í gær. Ég vaknaði upp um miðja nótt af vondum draumi. Hjartað sló ört og ég vissi að það var eitthvað að. Ég vissi samt ekki af hverju mér liði svona. Ég vissi bara að það var í gangi ólga innra með mér sem gerði það að verkum að mér leið mjög illa.

Það sem ég vissi ekki þá en veit í dag að ég var meðvirk. Það að vera meðvirkur er hægt að skilgreina á einfaldan hátt. Það þýðir það að vera virkari fyrir aðra en sjálfan sig. Meðvirkir fólk verður til í óvirkum fjölskyldum. Einstaklingur sem er meðvirkur er því meðvirkur með öðru fólk, jafnvel innan fjölskyldunnar en óvirkt fyrir sjálfan sig. Þetta orð er oft misskilið og því mikilvægt að greina á milli þess að vera meðvirkur eða gefandi og kærleiksrikur.

Þessa ágústnótt vissi ég að ég varð að takast á við meðvirknina í lífi mínu áður en þetta endaði illa. Það var ástæða fyrir því að ég elskaði að horfa á teiknimyndirnar Mighty mouse þegar ég var barn. Uppáhalds setning þessarar músar var „Here I come to save the day“. Ég var alltaf að reyna að bjarga. Ég hafði verið í því hlutverki frá því að ég var barn og kunni ekkert annað. Það kemur hinsvegar alltaf að því að þú getur ekki endalaust gefið. Þú verður að kunna að þiggja líka og þennan dag vissi ég að ég þyrfti hjálp. Ég varð að leggja ofurkonubúninginn minn til hliðar og vera bara ég.

Meðvirkni byrjar sem eðlileg viðbrögð við óeðlilegum aðstæðum og hún þróast yfirleitt

alltaf við langvarandi erfiðar aðstæður. Því má álykta sem svo að uppruna meðvirkni sé ávallt hægt að finna í æsku. Þannig var það í mínu tilfelli og þannig er það kannski í þínu.

Meðvirkni kemur fram með ólíkum hætti en hér eru nokkur algeng einkenni.

- Neikvæð stjórnun
- Gremja/reiði
- Erfiðleikar með að mynda traust
- Skapgerðarþrestir
- Fíkn
- Líkamleg einkenni
- Erfiðleikar með nánd

Ég upplifði sum þessara einkenna en þau voru svo „venjuleg“ fyrir mig að ég gerði mér ekki grein fyrir því að þau væru vanda-

mál. Í dag horfi ég ekki á þennan dag sem versta dag lífs míns heldur dag sem markaði nýtt

upphaf og vegferð mína í átt að andlegu og líkamlegu heilbrigði. Á þeim 15 árum sem liðin eru hef ég horfst í augu við ótta, lært að fyrirgefa, tekist á við kvíða, fundið gleðina, upplifað meira þakklæti, lært að lifa í núinu og orðið hamingjusamari en nokkru sinni fyrir.

Þetta hefur ekki alltaf verið auðveld vegferð en hún hefur gert mig sterkari og hugrakkari. Á þessum 15 árum hef ég fengið að vinna með fjölda fólks sem var á sama stað og ég. Hjarta mitt fagnar og gleðst í hvert skipti sem þessir einstaklingar hafa lagt grímurnar til hliðar, farið úr ofurhetjubúningnum og fundið sjálfan sig.

Hvað er þá til ráða?

- Taka ábyrgð á eigin lífi
- Taka ábyrgð á eigin viðhorfum
- Taka ábyrgð á eigin líðan.
- Finna leiðir til að tala um tilfinningar sínar
- Læra að þekkja þær og ná stjórn á þeim.
- Taka nýjar áhættur í félagslegu samhengi

Þetta getur þú gert fyrst og fremst með því að horfast í augu við það að það er bleikur fíll í stofunni sem er kallaður meðvirkni. Því næst er gott að leita þér aðstoðar hjá fagaðila og/eða sjálfshjálparhópum sem vinna með meðvirkni.

Gangi þér mikið vel.

*Kærleikskveðja, Gunna Stella.
www.gunnastella.is - Hlaðvarp: Einfaldara líf*



Aðalfundur NSS

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands 2021 verður haldinn í Gesthúsum á Selfossi fimmtudaginn 25. mars nk. kl. 20.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf skv. lögum samtakanna. Nýir félagar hjartanlega velkomnir.



Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri

Lausar stöður fyrir skólaárið 2021-2022

Í Barnaskólanum eru 140 nemendur í 1. – 10. bekk. Skólinn starfar á tveimur starfsstöðvum, yngri stig á Stokkseyri og eldra stig á Eyrarbakka. Sérstaða skólans felst í einstaklingsmiðaðri kennslu, skapandi greinar fá mikið vægi í skólastarfinu, mikil áhersla lögð á góð samskipti, gott samstarf er við leikskólann og áhersla er lögð á góða samvinnu við nærumhverfið. Skólinn er Erasmus+ skóli, heilsueflandi grunnskóli og er í mikilli þróunarvinna varðandi teymiskennslu, stafræna menntun, umhverfismennt og skólasýn. Skólinn er virkur þátttakandi í Lærdómssamfélagi Árborgar og í öflugum samstarfi við aðra grunnskóla í Árborg.

Eftirtaldir stöður eru lausar til umsóknar fyrir skólaárið 2021-2022:

- Tvær umsjónarkennarastöður í 100% starfshlutfalli
- Þroskaþjálfastaða í afleysingu til eins árs í 100% starfshlutfalli
- Náms- og starfsráðgjafastaða í 50% starfshlutfalli
- Staða tónmenntakennara, hlutastarf

Nánari lýsingar á stöðunum er að finna á ráðningavef Árborgar www.arborg.is. Frekari upplýsingar veitir Páll Sveinsson, skólastjóri (pall@barnaskolinn.is) og Guðrún Björg Aðalsteinsdóttir (guðrun.bjorg@barnaskolinn.is), aðstoðarskólastjóri í síma 480 3200. Umsóknarfrestur er til og með 25. mars 2021.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Launa- nefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins. Allar nánari upplýsingar um skólastarf BES er hægt að nálgast á heimasíðu skólans; www.barnaskolinn.is og sveitarfélagsins; www.arborg.is.



Skráning hafin í Ullarþon

Textílmíðstöð Íslands og Nýsköpunarmiðstöð Íslands halda Ullarþon dagana 25. – 29. mars nk. Verkefnið er styrkt af Framleiðnisjóði Landbúnaðarins.

Ullarþon er nýsköpunarkeppni haldin á netinu til að ýta undir nýsköpun og vöruþróun, auka verðmæti ullarinnar og þá sérstaklega verðmínnstu ullarflokkana.

Keppt verður í eftirfarandi flokkum: 1. Þróun á vinnslu textíls úr óunninni ull, 2. Blöndun annarra hráefna við ull, 3. Ný

afurð og 4. Stafrænar lausnir og rekjanleiki.

Hvetjum alla áhugasama til að taka þátt! Hægt er að taka þátt hvort heldur sem einstaklingur eða í teymi, eða mynda teymi á Facebook-síðu Ullarþonsins. Þátttakendur hafa aðgang að breiðum hópi leiðbeinenda á meðan Ullarþoninu stendur.

Lokaskil á hugmyndum er þann 29. mars. Dómnefnd mun þá meta hugmyndir og tilkynna um miðjan apríl hver mun vera í topp 5 í hverjum flokki. Úrslit

verða kynnt 20. maí á Hönnunarmars 2021. Heildarverðmæti vinninga eru um 1.600.000 kr.

Nú er tækifæri til að láta ljós sitt skína og taka þátt í að koma með nýjar nýskapandi lausnir sem hægt verður að nýta sem best og þar með skapa verðmæti úr ullinni!

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast á Facebook-síðu „Ullarþon“ eða á heimasíðu Textílmíðstöðvarinnar; www.textilmidstod.is.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundur
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu
Hveragerði, efrí hæð,
fimmtudaga kl. 20:30.

ATVINNA

Smíðir óskast
Smíðagarpar óskast eftir smíð-
um við brúarsmíði á Sólheima-
sand. Nánari upplýsingar á
info@smidagarpar.is.

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílaviðgerðir.



Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHOLD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

STEYPUÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUM - TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR HITALÖGNUM

Saga dyragöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.

Kjarnaborun fyrir lögnum.

Ramma inn myndir,
spegla og fleira.

Annast einnig sólpallasmíði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUÖGUNIN ÁS ehf.

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Messa sunnudag kl. 11.00. Sr.
Egill Hallgrímsson annast
prestþjónustuna. Organisti er
Jón Bjarnason.

Stóru-Borgarkirkja
Bæna- og kyrrðarstund við
kertaljós þriðjudag 23. mars kl.
20.30. Sr. Egill Hallgrímsson
leiðir stundina. Allir eru hjartan-
lega velkomnir.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyraveggi 67, Selfossi, 20. mars.
Bibliúlexiur kl. 11 og guðsþjón-
usta kl. 12. Streymi verður einnig
haldið áfram frá Aðventkirkjunni
í Reykjavík, sjá YouTube og
Aðventkirkjan. Verið velkomin.

Hveragerðiskirkja
Guðsþjónusta kl. 11. Fermingar-
börn og foreldrar sérstaklega
boðin til guðsþjónustu. Kirkjukór
Hveragerðis- og Kötstrandar-
sóknar syngur og leiðir safnaðar-
söng. Organisti Miklós Dalmay.
Prestur sr. Ninna Sif Svavars-
dóttir.

Gaulverjabæjarkirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 21.
mars kl. 14:00. Organisti Haukar
Arnarr Gíslason. Kirkjukórinn
syngur. Prestur Arnaldur Bárðar-
son.

Eyrabakkakirkja
Guðsþjónusta sunnudaginn 21.
mars kl. 11:00. Organisti Haukar
Arnarr Gíslason. Kirkjukórinn
syngur. Prestur Arnaldur Bárðar-
son.

HEILSA

**Nudd -
Svæðanudd**

Dáleiðsla

Augnlestur og
heilsuráðgjöf

Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum

Alla fimmtudaga í Heilsulindinni
Miðgarði, Austurvegi 4,
Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Grunnskólinn í Hveragerði slær í gegn í smásagnakeppni á ensku

Miðvikudaginn 10. mars sl. voru verðlaun veitt í ensku smásagnakeppninni 2020 sem félag enskukennara á Íslandi (FEKÍ) heldur árlega. Keppnin hefst á hverju ári á evrópska tungumáladeginum þann 26. september og fer þannig fram að nemendur skrifa smásögur á ensku út frá ákveðnu þema sem að þessu var A Time for...

Þáttaka Grunnskólans í Hveragerði (GÍH) í landskeppninni er löngu orðinn fastur liður í skólalífinu og eru nemendur mjög áhugasamir um sögugerðina. Gaman er að segja frá því að skólinn hefur átt vinningshafa í landskeppninni frá árinu 2012, eða í 9 ár samfellt. Vart þarf að taka fram hve stolt við erum

af nemendum okkar í gegnum tíðina en að þessu sinni vorum við svo lánsöm að eiga þrjá vinningshafa og fór verðlaunaafhendingin fram við hátíðlega athöfn að Bessastöðum. Þar tók forsetafrúin Eliza Reid á móti vinningshöfum og afhenti verðlaunin ásamt stjórn FEKÍ.

Í flokknum 5. bekkur og yngri hlaut Sigurður Gréтар Gunnarsson heiðursviðurkenningu og í flokknum 6.-7. bekkur hlaut Hrafnhildur Sif Gunnarsdóttir þriðju verðlaun og Kveldúlfur Ari Ottósson fyrstu verðlaun. Um leið og við óskum þeim innilega til hamingju þökkum við öllum sem tóku þátt í keppninni.

Bestu kveðjur frá ensku-
deildinni, Ólafur Jósefsson.



SLEIPNIR

— stofnað 1929 —

Aðalfundur Hestamannafélagsins Sleipnis 2021
verður haldinn miðvikudaginn 24. mars 2021 að
Hótel Selfossi kl. 20.00.

Nánari upplýsingar um fundinn og
skráningu á hann munu koma á næstu dögum
á vefsvæði félagsins www.sleipnir.is.

Stjórnin

Innleiðing umhverfisvænni tækja hjá Hveragerðisbæ

Hjá Hveragerðisbæ hefur verið tekin sú stefna að allar bifreiðar sem bæjarfélagið festir kaup á muni verða umhverfisvænar sé þess nokkur kostur. Í fundargerð bæjarstjórnar er því jafnframt fagnað að véralav umhverfisdeildar bæjarins muni framvegis verða miðað út frá því hvort þau standist kröfur um

að vera umhverfisvæn. „Innleiðing vistvænni ökutækja er á meðal þeirra markmiða í loftslagsmálum sem Hveragerðisbær vill vinna að og því skal stefna að því að bifreiðar verði vistvænar í öllum tilfellum þar sem starfsemi stofnana krefst ekki annarra kosta,“ segir í fundargerð bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar.

Mygla og fasteignagallar í húsum

Erling Magnússon, húsmíðameistari og lögfræðingur hefur búið á Selfossi um árabíl og líkar afskaplega vel. Hann er reyndur matsmaður þegar kemur að myglu eða fasteignagöllum hvort sem er utan eða innan réttar á Íslandi. Hann situr m.a. í stjórn Matmannafélags Íslands. Miklar hreyfingar hafa verið á fasteignamarkaðinum undanfarið og þetta eitt af þeim málefnum sem fólk þarf að hafa í huga við fasteignakaup.

Þekking á myglu farið vaxandi

Mygluvandamál eru ekki endilega ný af nálinni en þekking á málunum hefur aukist og þar með meðvitund manna á þeim heilsufarsvandamálum sem henni geta fylgt, þá virðast mygluvandamál ekki síður algeng í nýjum eða nýlegum húsum en eldri. „Undanfarin ár hefur þekking á myglu og örverum í húsum farið ört vaxandi. Hefur það varla farið framhjá nokkrum manni hérlendis hversu gríðarlega þessum málum hefur fjölgað. Vandamálið er alls ekki einskorðað við Ísland heldur er þetta vaxandi vandamál í löndunum hér í kring. Mygla er og hefur frá örfólda verið í sambúð við okkur utan sem innandyra. Hvort við teljum hana algengari í dag en áður er ekki gott að segja um, en ljóst að þekking á fyrirbærinu er mun meiri en hún var, hvortvegja afleiðingar hennar á líf og heilsu manna ásamt þekkingu til að

finna hana í húbýlum og eyða henni,“ segir Erling aðspurður um hvort mygla í húsum sé algengari nú en áður.

Vandamálín geta krafist sérþekkingar til úrlausnar

Sé grunur um myglu í húsnæði er gott að vita hvernig best er að haga því að greina það og hefja fyrstu skrefin að því að laga vandamálið. „Annarsvegjar getur vandinn verið allt frá því að svokölluð yfirborðsmygla myndist. T.d. vegna þess að raki safnast fyrir innan þétt glugga-tjöld og mygla komist á legg. Það er tiltölulega einfalt að leysa með hreinsiefnum á borð við Oxivir. Passa svo að lofta vel og hafa gardínur frádrægðar yfir daginn. Hinsvegjar getur mygla komið til m.a. vegna leka frá baðherbergjum eða illa loftuðu þaki sem dæmi. Þá er rétt að kalla til fagmenn með sérþekkingu á myglumálum til að koma á staðinn og taka út húsnæðið,“ segir Erling.

Ekki sama hvaða myglu er um að ræða

Það er ljóst að mikla þekkingu þarf að hafa á málefnum því að það er margslungið. „Mestu máli skiptir í þessu hvaða tegund myglu við erum að fást við. Það eru ógrynni myglutegunda en sínu verstertalín svokölluð svartmygla, en innan þess flokks eru þónokkrar tegundir sem geta haft mjög slæm áhrif á heilsu okkar. Það er oft kostnaðarsamt



en er mikilvægur þáttur í vinnu sérfræðinga þegar ákveðið er hvað þarf að gera að fá rannsókn hjá Náttúrufræðistofnun Íslands á hvaða tegund er um að ræða.

Að kaupa „köttinn í sekknunum“

Þegar um kaup og sölu húsa er að ræða getur komið upp sú staða að fólk hafi hreinlega keypt köttinn í sekknunum ef svo má að orði komast. „Svona mál eru til þess að gera allt of flókin til þess að gera grein fyrir þeim í stuttu viðtali segir Erling brosandí. En til þess að gefa ákveðna hugmynd má sjá fyrir sér að það fyrsta sem rétt er að gera er að fá fagfólk með sér í málið strax frá byrjun. Það getur sparað umtalsverðar fjárhæðir þegar til lengri tíma er litið, fyrir alla aðila. Oftast er fyrsta spurningin að kanna réttarstöðuna í málinu t.d. hvort seljandi vissi af eða hefði mátt vita. Þá þarf að kostnaðarmeta málið en ef við gefum okkur að kaupandi haldi eftir 3 milljóna lokagreiðslu og kostnaður við

viðgerðina næmi 500 þúsund þyrfti sá hinn sami að greiða dráttarvexti af 2,5 milljónum auk málskostnaðar sem auðveldlega gæti hlaupið á hundruðum þúsunda. Þetta er fljótt að spílast upp í miklar upphæðir og málin fara í rembihnútt. Það er því mikilvægt að stíga vandlega til jarðar og fá matsfólk sem veit hvað það er að fjalla um og getur jafnvel leyst málin með einföldum hætti öllum til hagsbóta. Það er engum greiði gerður með því að leita til dómstóla án þess að það þurfi,“ segir Erling og leggur áherslu á mál sitt.

Góð vinna grundvöllur að farsælli lausn

Svona mál eru staða sem fæstir kjósa sér eða vilja koma sér í. Við spyrjum Erling hvernig hann leysir málin með sína sérþekkingu sem húsmíðameistari og lögfræðingur. „Þessi blanda, húsmíðameistari og lögfræðingur, kemur sér vel þegar uppi eru álitamál er varða

húsbyggingar. Ég vinn náð með lögmönnum Lausna lögmennstofu, þar sem vinnan okkar er nokkurs konar teymisvinna þar sem ég kem yfirleitt fyrstur að máli. Ég mæti á staðinn og skoða húsnæðið með glæraugum byggingameistarans og lögfræðingsins og skoða þannig hvort tveggja tæknilega hluta málsins og lögfræðilegan þ.e. hver er ábyrgur ef um það er að ræða, eru þetta leyndir gallar, augljósir eða jafnvel engir. Síðan skrifa ég skýrslu þar sem ég gef tæknilegt álit mitt líkt og ég væri dómkvaddur matsmaður auk lögfræðilegs álits á réttarstöðu. Sú skýrsla verður oft grundvöllur að því að hægt sé að leysa málin án aðkomu dómstóla. Fari svo að málið rati til dómstóla þá er skýrslan orðin að grundvallargagni til að leggja réttu spurningarnar fyrir dómkvadda matsmenn þegar fyrir dómstóla er komið.“

Úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vor 2021

Þórdís Kolbrún Reyk fjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, gerðu í gær grein fyrir úthlutun fjármuna til uppbyggingu innviða, náttúruverndar og annarra verkefna á ferðamannastöðum árið 2021. Samtals var úthlutað 764 milljónum króna úr Landsáætlun um uppbyggingu innviða og 807 milljónum úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða sem gerir kleift að halda áfram því mikilvæga verkefni að byggja upp innviði á ferðamannastöðum.

Rangárþing eystra

Verkefni í Rangárþingi eystra fengu góðan stuðning bæði frá Framkvæmdasjóðnum sem og úr Landsáætlun sem er mikið gleðiefni.

Sveitarfélagið Rangárþing eystra fékk rúmlega 41,5 milljónir í þrjú verkefni úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Gluggafoss 19,35 milljónir

Úrbætur við Gluggafoss. Styrkur í hönnun og gerð varanlegs stígs, útsýnispalls inni í gilinu og trappa upp með öllum fossinum vestan megin sem og úrbætur á hentistíg sem hefur myndast austan megin. Fjöl-



margin hentistígar hafa myndast, austan og vestan megin og mikil slyshætta er þegar blautt er í veðri og jarðrask er mikið. Afmarka þarf göngustíg að pallinum

Nauthúsagil 14,75 milljónir

Nýtt bílastæði, stíga- og skiltagerð við Nauthúsagil. Styrkur til að gera nýtt bílastæði niður á aurnum og göngustíg að gilinu. Lagfæring og uppbygging á stígum í gilinu er nauðsynleg og fjarlægja brú sem gerir ekki gagn og er lýti af, loka þar með stígum sem farið er að renna ótæpilega úr og græða þá upp. Síðan þarf að loka villu- og hentistígum og fjarlægja tré.

Kvernugil/Kvernufofoss 7,4 milljónir

Stíga- og skiltagerð við Kvernugil/Kvernufofoss. Styrkur til að klára stígagerð, frá miðju gilsins og inn að fossi. Villustígar hafa myndast og sú stígagerð sem ráðast þarf í eykur öryggi

þeirra er ganga inn gilið. Útbúa þarf varanlegar lausnir því bleyta og úrrennsli veldur skemmdum á stígum. Bæta þarf þau skilti sem eru og setja upp upplýsinga- og öryggisskilti.

Einnig fékk Ferðafélagið Útivist 6,35 milljónir til að láta hanna göngubrú yfir Þröngá, norðan við Rjúpnafell.

Úr Landsáætlun var veitt fjármunum til tveggja verkefna innan Rangárþings eystra. Skóg-rækt ríkisins fékk 51,1 milljón fyrir áframhaldandi uppbyggingu og viðhald gönguleiða á Þórsmerkursvæðinu. Áfangar 2021, 2022 og 2023. Umhverfisstofnun fékk svo 86,6 milljónir fyrir láglandið við Skógafoss til að gera nýjar tröppur, afmarkanir, malbikun á göngustíg, útsýnisstaður fyrir hreyfihamlaða og merkingar. Umhverfisstofnun fékk svo líka 40 milljónir fyrir áframhaldandi vinnu við göngustíga uppi á Skógaheiði.

331 milljón króna til innviðauppbyggingar og náttúruverndar

Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra tilkynnti þann 10. mars sl. um úthlutun fjármuna úr Landsáætlun til uppbyggingu innviða, náttúruverndar og annarra verkefna á ferðamannastöðum árið 2021. Heildarfráframlag að þessu sinni hljóðar upp á 764 milljónir króna og af því var Umhverfisstofnun úthlutað 331 m.kr. fyrir 18 náttúruverndarsvæði sem eru í umsjón stofnunarinnar. Stærsta einstaka úthlutunin í ár fer til nýlegs friðlýsts svæðis við Geysi í Haukadal og lýtur að uppbyggingu gönguleiða um svæðið.

Undanfarin ár hefur verið unnið að mörgum góðum verkefnum víða um land og nefndi ráðherra í ræðu sinni tvö vel heppnuð verkefni sem unnin voru í Friðlandi að Fjallabaki síðastliðið ár. Um er að ræða annars vegar göngustíg sem liggur að Raudafossi, sem er áfangastaður innan friðlandsins, sem hefur á fáum árum orðið vinsæll viðkomustaður. Af þeim sökum var mikilvægt að bregðast við ágangi ferða-

manna um svæðið og gera viðunandi göngustíg að fossinum til að koma í veg fyrir gróður-skemmdir. Hins vegar er um að ræða verkefni á svokölluðum Laugahring sem er vinsælasta gönguleiðin í friðlandinu. Það verkefni hefur verið í gangi um nokkurra ára skeið þar sem unnið er að uppbyggingu gönguleiðar um Laugahraun og Grænagil með það að markmiði að bæta aðgengi, auka upplifun gesta og vernda viðkvæmar jarðminjar og gróður. Ráðherra nefndi í ræðu sinni að þar hafi verið vandað til verka og segja mætti að göngustígurinn væri listaverk.

Það er kúnt að byggja upp innviði eins og göngustíga og hafa þá þannig úr garði gerða að þeir falli að náttúru svæðisins en stíngi ekki í stúf og hafi neikvæð áhrif á verndargildi náttúruverndarsvæða. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að öll innviðauppbygging á náttúruverndarsvæðum sé fagmannlega unnin og það stuðli að bættri náttúruvernd, aðgengi og upplifun gesta.

Ekki búin að negla framtíðina fasta en ætlar að halda áfram að mála og teikna



Á Selfossi býr ung listakona sem ber nafnið Sólveig Björk Kristinsdóttir. Sólveig er fjórtán ára að verða fimmtán. Sólveig er afburðagóður teiknari og listmálari en hún hefur nú þegar selt myndir til kaupenda sem óskuðu eftir því við hana að teikna eða mála fyrir sig myndir. Meðal þeirra er glæsileg portrett mynd af eldri manni teiknuð eftir ljósmynd. Þá er Sólveig með mynd í vinnslu sem er landslagsmynd máluð eftir ljósmynd sem kaupandinn lét Sólveigu í té.

Skemmtilegast að teikna dýr

Sólveig er frekar hógvær þegar við förum að ræða listina og árangur hennar á þeim vettvangi þrátt fyrir að á borðinu liggja ógrynni glæsilegra mynda, meðal annars ein sem unnið hefur til verðlauna. Aðspurð um hvar áhugasviðið liggja í myndlistinni segir hún: „Mér finnst skemmtilegast að teikna dýr og þá helst með blýanti,“ segir Sólveig. Á einni myndinni er glæsileg önd klædd vesti

og með hatt. Það er að sögn Sólveigar Andrés Önd. „Ég teiknaði þessa mynd og setti hana inn á samfélagsmiðla. Þar var myndinni tekið mjög vel.“ Þá kemur fram í máli Sólveigar að hún noti samfélagsmiðla talsvert til þess að sýna verk sín. „Ég er með síðu sem heitir Teikningar-Málverk á Facebook. Þar getur fólk nálgast upplýsingar ef það vill fá mig til að teikna fyrir sig,“ segir Sólveig, en hún segist hafa fengið viðskiptavini sína í gegn um síðuna.

Gaman að fá tækifæri til að teikna fyrir aðra

Við ræðum saman um listina og hvernig það er að fá tækifæri til að mála fyrir fólk úti í bæ. „Það er mjög gaman þegar fólk biður mig um að mála fyrir sig. Ég varð steinhissa þegar ég gerði mynd af manni fyrir konu frá Þingeyri. Hún var svo ánægð að hún borgaði mér miklu meira en ég hafði gefið upp. Það fannst mér gaman,“ segir Sólveig og sýnir blaðamanni skjáskot af myndinni.

Notar YouTube óspart til að læra nýja tækni

Börn í dag láta fátt stoppa sig í fróðleikslit en Sólveig notar meðal annars YouTube til að verða betri listamaður. „Ég er aðeins farin að prófa mig áfram með myndavél sem mamma mín á. Það tók smá tíma að læra að taka norðurljósamynd á þá myndavél en ég gerði það í gegn um YouTube sem dæmi.“ Kristinn pabbi Sólveigar skýtur inn að listin virðist liggja vel fyrir henni og hún sé með þetta í blóðinu en hún byggi svo ofan á hæfileika sína með ýmsum aðferðum bæði á netinu og með námskeiðum.

Langar að halda áfram að vinna að listinni í framtíðinni

Þegar ég ræði við Sólveigu um framtíðina er hún ekki alveg búin að negla hana fasta, enda ástæðulaust. „Mig langar alveg til þess að halda áfram að teikna og vinna að listinni. Ég er aðeins að prófa mig áfram með ljósmyndunina líka eins og ég sagði áðan og það verður gaman að sjá hvert það leiðir.“ Þeir, sem vilja kynna sér listamanninn unga betur, geta nálgast fleiri verk á Facebook-síðu hennar. Við þökkum Sólveigu fyrir gott spjall og sýningu á verkum sínum og óskum henni velfarnaðar.



VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN



TRÉSMÍÐAR • PÍPULAGNIR
RAFVIRKJUN • MÚRVERK
MÁLUN • SÓLPALLAR
HELLULAGNIR • VÉLALEIGA

Sími 561 8080 • fverk@fverk.is

D-H BÓKHALD

- ✓ Bókhaldsþjónusta
- ✓ Skattskil
- ✓ Stofnun fyrirtækja
- ✓ Framtöl og ársreikningar
- ✓ Fyrirtækjaráðgjöf

Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Jiibbiíi
Siggafærdir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

FYIGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eirisdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NYTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRACAF VINÁTTU!
Fæst hjá BYKO Selfossi

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala Rennismiði Innréttingar Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi Sími 482 1980

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Bílasprautun - Bílaréttingar Bílrúðuskipti
Bilverk BA
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími